

ELÍSABET KRISTJÁNSDÓTTIR

Skemmtilegast í sundi, útilegum og útlöndum

börn bílar ferðir veiði heimili golf allt í MIDJU BLADSINS



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Mentor.is nýtur vaxandi vinsælda erlendis

Sérblað um íslenskan iðnað FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

4. júní 2008 – 150. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIDVIKUDAGUR

Söng með Hljómum



Helga Vala Helgadóttir kom í stað Shady Owens með Hljómum í Cavern-klúbbum í Liverpool um helgina.

FÓLK 30

Yfir hafið og aftur heim á ný

Þjóðminjasafnið sýnir íslenska forn-gripi sem voru í sænskri vörslu.

TÍMAMÓT 18

Húðflúrunarhá-tíð um helgina

Icelandic Tattoo Festival verður haldið í þriðja sinn hér á landi um helgina.

FÓLK 22



Valur og KR með fullt hús

Íslandsmeistarar Vals lentu í kröppum dansi á heimavelli en unnu líkt og KR stúlkur sem skoruðu fimm mörk.

ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



SÓL NORÐAUSTAN TIL í dag verður allhvöss austan átt syðst á landinu, annars hægari. Rigning eða skúrir sunnan til og vestan en bjartviðri norðaustan til. Hití 10-18 stig, hlýjast norðan til.

VEDUR 4



FORÐA SÉR UNÐAN ÍSBIRNI Lögreglumenn ásamt skyttum úr skotfélaginu Ósmann gripu til vopna og felldu ísbjörn í Þverárhlið í Skagafirði laust fyrir hádegi í gær. Óttuðust menn að ísbjörninn myndi hverfa út í þökuna með ófyrirséðum afleiðingum. MYND FEYKIR/PÁLL KRISTINSSON

Óvelkominn ísbjörn drepinn í Skagafirði

Ísbjörn var felldur í Þverárhlið í Skagafirði í gær. Engin viðbragðsáætlun gildir um slík tilvik. Skiptar skoðanir eru um hvernig staðið var að málum á vettvangi.

NÁTTÚRA „Ég tel hrossin mín um leið og færi gefst til,“ segir Agnar Búi Agnarsson, bóndi á Heiði, skammt frá Laxárdal. Ísbjörn var felldur nálægt bænum í gær.

Fjölmenni dreif að þegar vart varð við ísbjörninn sem spókaði sig í Þverárhlið í gærmorgun. Björninn var felldur laust fyrir hádegi af öryggisástæðum. Mikil þoka var og menn því hræddir um að björninn myndi hverfa sjónum. Um var að ræða 250 kílóa karldýr sem talið er að hafi synt langa leið til lands.

Agnar á Heiði segir það skelfilega tilhugsun hefði björninn týnst í þökunni. „Ég sá hrossin fara með hraði út eftir dalnum. Þau hafa kannski verið að forða sér,“ segir Agnar.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, upplýsingafulltrúi hjá umhverfisráðuneytinu, segir allar sýmalínur hafa verið rauðglóandi í ráðuneytinu. „Sá misskilningur breiddist út að umhverfisráðherra hefði veitt heimild til að fella björninn en það er ekki í verkahring ráðherra að veita slík leyfi.“

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir vanta viðbragðsáætlun fyrir tilvik sem þessi. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir að farið verði yfir atburði gær dagsins.

„Það hefði átt að loka veginum og koma birninum í



FLUTTUR Á BROTT Ísbjörninn verður krufinn og kannað hvað hann hefur étit undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

búr,“ segir Egill Steingrímsson, héraðsdýralæknir á Blönduósi.

Sýni úr birninum eru til rannsóknar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, meðal annars til að kanna hversu lengi björninn hefur dvalið hérlandis. Ísbjörninn verður stoppaður upp og afhentur Náttúrustofu Norðurlands vestra. - kg / jse sjá síðu 12

Lán lífeyrissjóða aukast: Bankar af húsnæðismarkaði

EFNAHAGSMÁL „Lækkun veðhlutfalls kann að vera merki um að banki sé að draga sig út af húsnæðismarkaðnum, í bili að minnsta kosti,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands.

Veðhlutfall banka og sparissjóða vegna fasteignalána hefur lækkað. Eitt sinn lánuðu bankarnir allt að 100 prósentum af markaðsvirði en veðhlutfall hjá þeim er nú almennt 70-80 prósent.

Þórólfur bendir á að við núverandi aðstæður sé eðlilegt að bankar dragi úr húsnæðislánum.

Hins vegar hafa lán lífeyrissjóða aukist töluvert.

Þorbjörg Guðnadóttir, deildarstjóri lánadeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, segir að útlán sjóðsins í apríl hafi verið næstum 50 prósentum meiri en mánuðinn á undan.

Veðhlutfall lífeyrissjóða er alla jafna um 65 prósent. Þá eru vextir sjóðanna oft um eða undir sex prósentum. - ikh / Sjá Markaðinn

Karlmaður á fertugsaldri í gæsluvarðhaldi vegna gruns um kynferðisbrot:

Útkall vegna heimiliserja leiddi til handtöku grunaðs barnaníðings

LÖGREGLUMÁL Útkall lögreglunnar á heimili á höfuðborgarsvæðinu vegna erja húsráðenda varð til þess að húsbóndinn hefur nú verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. júlí vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni.

Maðurinn, sem um ræðir, er fæddur 1975. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er hann grunaður um að hafa misnotað tólf ára fósturdóttur sína um lengri eða skemmri tíma. Ekki er fyrir

hendi vitneskja um að fleiri börn séu viðriðin málið.

Það var 19. maí sem lögreglan var kvódd á heimili fólksins vegna úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. júlí vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni. Maðurinn, sem um ræðir, er fæddur 1975. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er hann grunaður um að hafa misnotað tólf ára fósturdóttur sína um lengri eða skemmri tíma. Ekki er fyrir

hendi vitneskja um að fleiri börn séu viðriðin málið. Það var 19. maí sem lögreglan var kvódd á heimili fólksins vegna úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. júlí vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni. Maðurinn, sem um ræðir, er fæddur 1975. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er hann grunaður um að hafa misnotað tólf ára fósturdóttur sína um lengri eða skemmri tíma. Ekki er fyrir

þar sem hann dvaldi þar til í fyrradag. Lögregla handtók hann um leið og hann losnaði af stofnuninni og var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald samdægurs.

Þjörgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti að karlmaður hefði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um ofangreindar sakir. Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið að svo stöddu. - jss

Ómissandi í grillsósuna!

Sjóður rjómi 10%

Pú færð 16 veiddi vorur á öllum þjónustustöðvum N1

NISSAN

SUBARU

OPEL

SAAB

ISUZU



PANTAÐU HEIMSÓKN Í HÁDEGINU

Við hjá Ingvari Helgasyni höldum uppteknum hætti og bjóðum upp á rjúkandi grillpylsuveislu í hádeginu, en að þessu sinni komum við til þín í vinnuna með grillið og bíla til reynsluaksturs á höfuðborgarsvæðinu. Öðruvísi og skemmtileg þjónusta fyrir þig.

SUBARU FORESTER

Þetta er nýjasti bíllinn frá Subaru og sá vinsælasti undanfarnar vikur. Þetta er bíll fyrir þá sem nenna ekki að hafa mikið vita á bílum - hann er einfaldlega besti kosturinn



„Öðruvísi þjónusta fyrir þitt fyrirtæki“

„Mætum eldhress með nýja bíla til reynsluaksturs“

ISUZU D-max

Einn sá besti sem völ er á í flokki pick-up bíla. 3,0 lítra vél, sjálfskipting og hagstætt verð



NISSAN PRIMASTAR

Já, Nissan er ekki bara með duglega jeppa og fjórhjóladrifsbíla. Við getum komið í heimsókn í fyrirtækið þitt með úrval af spennandi atvinnubílum frá Nissan



„Við komum með þá bíla sem þú velur“

NISSAN QASHQAI

Vinsælasti jeplingurinn á markaðnum. Þú verður að prófa þennan snaggaralega bíl



„Eina með öllu og Pepsi takk“



REYNSLUAKSTUR OG RJÚKANDI PYLSUR Í HÁDEGINU

PANTAÐU HEIMSÓKN Í FYRIRTÆKIÐ ÞITT!

Sími 525 8000 eða tölvupóstur: ihadeginu@ih.is



sala fasteigna í 50 ár



Starfsmenn Eignamiðlunar: Einar Páll Kjærnested, Gunnar Helgi Einarsson, Hákon Jónsson, Heiðar Birnir Torleifsson, Þorleifur St. Guðmundsson, Kjartan Hallgeirsson, Geir Sigurðsson, Magnús Geir Pálsson, Stella Hrönn Ólafsdóttir, Guðmundur Sigurjónsson, Jóhanna Valdimarsdóttir, Hilmar Þór Hafsteinsson, Hildur Ólafsdóttir, Egilína S. Guðgeirsdóttir, Inga María Ottósdóttir, Magna S. Sverrisdóttir, Sólveig Guðjónsdóttir, Elín Þorleifsdóttir, Sverrir Kristinsson og Sigurjón Einarsson.

Eignamiðlun verður öflugri og umfangsmeiri

Okkur er það sérstakt ánægjuefni að tilkynna að Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali, sem hefur rekið Fasteignasölu Mosfellsbæjar frá árinu 2001, hefur bæst í hóp eigenda Eignamiðlunar. Fasteignasala Mosfellsbæjar, sem hefur starfað frá 1998 og verið öflugasti aðilinn í sölu fasteigna í Mosfellsbæ, er um leið orðin hluti af Eignamiðlun og verður rekin hér eftir undir nafninu Eignamiðlun, Mosfellsbæ.

Eignamiðlun á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu

Eignamiðlun mun hér eftir bjóða þjónustu sína á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í höfuðstöðvum sínum í Síðumúla 21 og í nýju og glæsilegu húsnæði á sjöttu hæð í Kjarna, Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Hjá hinu sameinaða fyrirtæki Eignamiðlunar munu starfa 20 starfsmenn, þar af 10 löggiltir fasteignasalar.

Við erum sannfærð um að þessi tímamót í sögu Eignamiðlunar og Fasteignasölu Mosfellsbæjar eiga eftir að bæta þjónustu okkar, auka úrval fasteigna sem við höfum í boði og tryggja enn frekar hag kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum.

Reynsla, heiðarleiki og þekking á fasteignamarkaðnum eru grunnur að farsælum viðskiptum.

 **EIGNAMIÐLUN**
Reykjavík

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • Sími 588 9090
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali.
www.eignamidlun.is

 **EIGNAMIÐLUN**
Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali.
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is

Fullur af kynþokka og lýkópeni

Nokkur atriði um baráttu tómatsins gegn krabbameini og meint kynörvandi áhrif

Ríkur af A-vítamíni og er því mikilvægur fyrir konur á meðgöngu

Heldur ónæmiskerfinu sterku

Algjörlega laus við kólesteról

Er ávöxtur en vegna lítills sætumagns var tómaturinn flokkaður sem grænmeti

Inniheldur efni sem viðheldur góðri sjón

Ítalir kalla tómattinn ástareplið og þykir hann afar kynörvandi

Geymist best við stofuhita því kæling eyðir bragði og næringu tómatsins

Inniheldur mikið magn lýkópens sem er einn öflugasti náttúrulegi samherji okkar gegn krabbameini

islenskt.is

DÚ VEIST
HVADAN ÞAD
KEMUR



VEISTU SVARID?



1. Hversu margir létust í sprengjuárás á sendiráð Danmerkur í Pakistan?
2. Hvaða íslenski leikmaður átti samanlagt flest mörk og stoðsendingar í leik Íslands og Svíþjóðar?
3. Hvað heitir nýr ritstjóri Morgunblaðsins?

SÍÐ SVÖR Á SÍÐU 30

Húsbruninn á Þingeyri: Eldur af völdum rafmagns

LÖGREGLUMÁL Upptök elds í einbýlishúsi á Þingeyri á fimmtudag eru rakin til rafmagns.

Slökkvilið og lögregla voru kölluð að mannláusu húsinu. Eldur logaði þá á miðhæð og hlutust töluverðar skemmdir af. Rannsóknardeild lögreglu hefur lokið rannsókn á eldsupptökum. Talið er að eldur hafi kviknað í timburmillivegg þar sem rafmagnstengdur hitastillir var staðsettur. - jss

AFGANISTAN

Nýr yfirmaður ISAF

Bandaríski hershöfðinginn David D. Kiernan tók í gær við stöðu yfirmanns fjölbjóðlega gæsluliðsins í Afganistan, ISAF, af kollega sínum Dan McNeill, sem fer á eftirlaun. Hinir 51.000 liðsmenn ISAF koma frá 40 þjóðlöndum, þar á meðal Íslandi, en NATO stýrir því.

Matvælaframleiðsla þarf að auka mikið

Ban Ki-moon segir að ríki heims þurfi að draga úr viðskiptahömlum og auka matvælaframleiðslu um fimmtíu prósent fyrir árið 2030 til að anna eftirspurn.

ÍTALÍA, AP Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði í gær að matvælaframleiðsla heimsins þyrfti að aukast um fimmtíu prósent á næstu tveimur áratugum.

„Heimurinn þarf að framleiða meiri mat,“ sagði hann í ávarpi sínu á matvælaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Róm. „Matvælaframleiðsla þarf að aukast um fimmtíu prósent fyrir árið 2030 til þess að mæta vaxandi eftirspurn.“

Hann segir að ríki heims þurfi að draga úr bæði útflutningshömlum og innflutningstollum meðan matarverð sé í hámarki.

Hann sagði þjóðarleiðtogum á ráðstefnunni í Róm að milljónir manna um heim allan biðu nú eftir því að þeir fyndu lausn á þessum vanda.

Sameinuðu þjóðirnar hafa þegar falið hópi sérfræðinga að takast á við matvælakreppuna. Stefnt er að því að auka mataræstoð, útvega smábændum bæði útsæði og áburð, og draga úr viðskiptahömlum.


Alþjóðabankinn telur að verð á brýnustu matvælum hafi hækkað um 83 prósent á síðustu þremur árum.

Meðal orsaka matvöruverðshækkana eru verðhækkunar á olíu og framleiðsla á lífrænu eldsneyti, sem hefur orðið til þess að uppskera er æ víðar ekki notuð til matar eða í dýrafóður heldur er framleitt úr henni lífrænt eldsneyti.

Meðal þess sem einna erfiðast

Hækkun matvöruverðs

Óstöðvandi hækkun matvöruverðs hefur valdið óeirðum í 37 löndum. Orsakirnar eru léleg uppskera í Ástralíu og víðar, verulega aukin framleiðsla á lífrænu eldsneyti, sem hefur orðið til þess að land er ekki lengur notað undir matvælaframleiðslu, aukin eftirspurn í Kína og á Indlandi, og hækkun olíuverðs.



Heimildir: OECD/FAO Myndir: Getty Images © GRAPHIC NEWS

Matvælaframleiðsla þarf að aukast um fimmtíu prósent fyrir árið 2030 til þess að mæta vaxandi eftirspurn.

BAN KI-MOON
FRAMKVÆMDASTJÓRI SP

virðist ætla að verða á leiðtogafundinum í Róm er að komast að samkomulagi um framtíð lífræns eldsneytis.

Annars vöktu tveir umdeildir forsetar mestu athyglina á leiðtogafundinum í gær, nefnilega þeir Robert Mugabe frá Simbabwe og

Mahmoud Ahmadinejad frá Íran.

Ahmadinejad hafnaði enn á ný áskorun, sem að þessu sinni kom frá Japan, um að hætta kjarnorkuvinnslu. Hann sagði kjarnorkuáætlun Írana vera fullkomlega löglega og algerlega friðsamlega.

Mugabe notaði hins vegar þennan vettvang til að verja umdeildar aðgerðir sínar, sem fólust í því að taka land frá hvítum landeigendum og færa það svörtum, sem þó höfðu margir litla þekkingu á landbúnaði, með þeim afleiðingum að landbúnaður nánast hrundi í landinu og óðaverðbólga fór af stað ásamt matarskortum. gudsteinn@frettabladid.is



LÖNDUN Sárafaír þeirra sem fengu úthlutað kvóta 1984 eru eftir í útgerð. [FRETABLAÐIÐ/SV.P](mailto:frettabladid@sv.p)

Könnun LÍÚ á aflamarki: Nær allur kvótinn keyptur

SJÁVARÚTVEGUR Meginhluti aflamarks frá 1984 hefur skipt um hendur. LÍÚ hefur kannað hversu stór hluti veiðiheimilda hefur skipt um hendur við kaup á aflaheimildum og vegna aðgerða stjórnvalda sem hafa aukið veiðirétt minni skipa. Niðurstaðan er sú að 87,5 prósent aflaheimildanna hafa skipt um hendur. Einungis 12,5 prósent þeirra veiðiheimilda sem skipt var á milli fyrirtækja og einstaklinga í aflamarkskerfinu 1984 eru enn í eigu sömu aðila.

Í tilkynningu segir að könnunin hafi verið gerð til að undirstrika atvinnurétt útgerðarmanna sem varinn er af eignaréttarákvæðum stjórnarskrárinnar „og vegna villandi umræðu um að þeir sem stunda útgerð í dag geri það í krafti aflaheimilda frá árinu 1984.“ - shá

Viðburður í bókaútgáfu

Út er komin í Oxford og Reykjavík bókina **DÖGUN VETNISALDAR** eftir Þorsteini Inga Sigfússon prófessor og forstjóra Nýskýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hið íslenska bókmenntafélag er útgefandi staðfærðrar íslenskrar útgáfu í þýðingu höfundar og Baldurs Arnarsonar.

Umsagnir um bókina

„Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor hefur átt þátt í nýsköpun á heimsmælikvarða. Framlag hans er mikilsvert einkum í orkugeiranum þar sem alvarlegur vandi blasir við jarðarþúum. Gullfalleg bók hans um litlu róteindina er stór skerfur til almennrar fræðslu, nýrra hugmynda og stefnumótunar; grundvallarrit sem á erindi á heimili, í skóla, í fyrirtæki, í stofnanir og til stjórnvalda.“

Ari Trausti Guðmundsson

„Eftir að hafa lesið bæði íslensku og ensku útgáfu þessarar markverðu bókar, komu mér í hug orð hins fræga tónskálds, Jóhannesar Brahms þegar hann hafði hlustað í fyrsta sinn á Dónarvalsinn eftir nafna sinn Jóhann Strauss – en orð Brahms mætti þýða á íslensku: *Ég vildi óska að ég hefði skrifað þetta sjálfur!*“

Bragi Arnason

„Þessi ótrúlega bók spannar allt frá upphafi heimsins, í gegnum myndun atómanna til vetnis og efnisheimsins og til framleiðslu, geymslu og hagnýtingar vetnis. Hún fer um alla veröld, skrifuð af einum fremsta sérfræðingi heimsins á þessu sviði og skilur lesandann eftir margfalt fróðari um efnið sem sagt er frá af einstakri sagnagleði.“

Carl-Jochen Winter, vetnisfrumkvöðull í Þýskalandi

„Stórkostlegt afrek.“


Jürgen Garcke, prófessor og forstöðumaður í Ulm í Þýskalandi

„Hér hefur Þorsteinn Ingi enn ausið af brunni hugmynda sinna og þekkingar, örlátur og frumlegur. Hann útskýrir samhengi þess smæsta við hið stærsta með frásagnargleði þess sem skilur til hlítar það sem hann skrifar um.“

Guðrún Pétursdóttir, Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun

„Ótrúleg bók sem á eftir að verða bók heimsins um vetnið.“

Stanislav Malisjenko, Háhitastofnun Rússlands í Moskvu



Kemur út samtímis í Oxford og Reykjavík á tveimur tungumálum



N1

FERÐADAGAR!

KOMDU Í HEIMSÓKN Í VERSLANIR N1 OG NÝTTU ÞÉR TILBOÐ Á FERÐADÖGUM



VERÐHRUN
35.900,-
29.900,-

Garmin Nuvi 710W
893 010-00657-38
Vegaleiðsögutæki
GSM Bluetooth handfr. búnaður
FM sendir fyrir MP3 í bílinn
MP3 spilari

Ferðavörur



Sólarsella
85W
846 SM340K

~~91.561,-~~
Tilboð
74.900,-



Neyslugeymir
580 813010000

~~26.899,-~~
Tilboð
19.900,-



Práðlaus
bakkmyndavél
með 7" skjá og
sendi
875 JB-3700

Verð
44.900,-

Ferðavörur



Framlengingar-
spjall
908 3000

~~10.900,-~~
Tilboð
7.900,-



Samlokugrill
12v
093 RPDF168

Verð
2.490,-



Vatnsbrúsi, 12 ltr.
með krana
909 77560

Verð
1.190,-



Ketill, 1,5 ltr.
með flautu
909 31436

Verð
2.490,-

Bón



Turtle Wax
Hreinsir fyrir
mælaborð
og stuðara




Turtle Wax
Dekkjahreinsir



Turtle Wax
Felguhreinsir



Turtle Wax
Hraðbón



Turtle Wax
Eðalbón



JÓNSSON & LITJÁKKESSON • 1014 • 51A



N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9

OPIÐ 8-18 VIRKA DAGA OG 10-14 LAUGARDAGA

N1 verslanir um allt land: Hafnarfirði, Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Keflavík, Selfossi og Höfn.

WWW.N1.IS



MJÓLKURBÁÐ Bændur í Hollandi helltu mjólk út í sundlaug í bænum Wijdewormer til að mótmæla lágu mjólkurverði. Þessi stúlka notaði tækifærið ásamt fleiri krökkum og brá sér í sund í mjólkinni. NORDICPHOTOS/AFP

Eigendur Skálmholtshrauns í Flóahreppi stefna vegna Þjórsárvirkjana:

Stefna Landsvirkjun og ríkinu

DÓMSMÁL Eigendur jarðarinnar Skálmholtshrauns í Flóahreppi hafa stefnt Friðriki Sophussyni, forstjóra Landsvirkjunar, fyrir hönd fyrirtækisins, og Árna Mathiesen fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins, vegna áforma um virkjanaframkvæmdir í Þjórsá.

„Eigendurnir telja að Títansamningarnir svokölluðu heimili alls ekki þessa framkvæmd,“ segir Atli Gíslason, lögmaður landeigendanna. „Þær kröfur byggja á sjöundu grein vatnalaga sem segja að vötn skuli renna sem að fornu hafa runnið. Að það megi ekki breyta vatnsborði og

straumstefnu og fleiru án laga-leysis eða eignarnáms.“ Landsvirkjun hefur að sögn Atla hvorki fengið slíkt lagaleyfi né farið í eignarnám.

„Landið sem um ræðir liggur að fyrirhuguðu Heiðarlóni, eða Urriðafosslóni, þar sem fyrirhugað er að reisa mikla stíflugarða og þar verður straumvatni Þjórsár breytt í lón. Landið fyrir innan verður þremur til fjórum metrum undir yfirborði lónsins og eigendur telja að það verði þar með verðlaust.“ Málið hefur fengið flýtimeðferð og verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í þessum mánuði. - þeb



ATLI GÍSLASON lögmaður eigenda segir kröfuna byggjast á 7. grein vatnalaga.

FRÍÐRIK SOPHUSSON Er stefnt vegna áforma um virkjanir.

Utanríkisráðherra í Grikklandi:

Á kvenleiðtoga-fundi í Aþenu

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tók þátt í kvenleiðtoga-fundi í Aþenu í Grikklandi í gær.

Fundinn sóttu kvenutanríkisráðherrar og fulltrúar Evrópusambandsins, auk leiðtoga í stjórnmála- og viðskiptalífi í Mið-Austurlöndum. Fundurinn fjallaði um aukna þátttöku kvenna í viðskiptum í Mið-Austurlöndum.

Á fundinum var stofnaður viðskiptaþróunarsjóður kvenna, og mun Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna hafa umsjón með sjóðnum. - þeb

Flutningaskip Eimskips:

Rak skrúfuna í botninn

NOREGUR Skrúfu flutningaskipsins Holmfoss, sem er í eigu Eimskips, tók niðri á grynningum fyrir utan skipasmíðastöð við Flekkefjord í Noregi í gær. Skrúfan skemmdist en ekki urðu slys á fólki. Verið er að meta tjónið og taka ákvörðun um hvort skrúfan verður lögð í Noregi.

Haldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri hjá Eimskipi, segir að misskilningur í samskiptum skipstjóra og hafnarinnar hafi orðið til þess að skrúfan rakst í hafnarbotninn, en skipið hafi engu að síður getað haldið áfram.

Holmfoss er skráð í Karíbahafinu. Skipstjórinn er færeyskur og sjómennirnir rússneskir. Holmfoss var á leið til Sankti Pétursborgar. - ghs

Staðan á byggingamarkaði er afleit að mati eiganda verktakafyrirtækisins Ans í Borgarnesi:

Rúmlega þriðjungur missir vinnuna

BORGARBYGGÐ Rúmlega þriðjungur starfsmanna verktakafyrirtækisins Ans í Borgarnesi hefur verið sagt upp störfum, eða um 34 starfsmönnum. Uppsagnirnar taka fæstar gildi fyrir en eftir einn til þrjá mánuði. Inn í þetta koma sumarleyfi þannig að „þetta mun ekki grípa niður fyrir en komið er fram á haustið,“ segir Jón Pálsson, einn eigenda.

Rúmlega áttatíu starfsmenn starfa hjá Ans og dótturfyrirtækjum, Sólfelli og verkstæði sem Ans hefur átt og rekið. Fyrirtækið hefur verkefni fyrir 60 til 70 manns út árið eins og staðan er í dag en Jón bendir á að það geti breyst fljótt og vonir standi til að vinna verði fyrir fleiri. „Ef tekst að ná í verkefni á næstu vikum og mánuðum vonumst við til að geta endurráðið langflesta,“ segir hann.

Staðan á byggingamarkaði er afleit um þessar mundir og segir Jón að fyrirtækið hafi því neyðst til að hætta við fyrirhugaða sameiningu við Sólfell og hagræða í rekstrinum. Leggja þurfi niður starfsemi á verkstæði, þar sem sex vinna, og hagræða og



FARIÐ YFIR STÖÐUNA Stjórnendur Ans fóru yfir stöðuna hjá fyrirtækinu á fundi með starfsmönnum síðdegis í gær en rúmlega þriðjungur starfsmanna hefur verið sagt upp störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR KRISTÓFERSSON

gera breytingar á rekstrinum.

„Við vonumst til að hafa vinnu fyrir 20-30 manns á svæðinu þegar líður á veturinn en í þessum uppsögnum höfum við fyrst og fremst verið að horfa til þess hvernig staðan verður

næsta vetur. Við reiknum með að endurráða nokkuð stóran hluta af þessu fólki fljótlega eftir því sem tilefni gefst til en leggjum niður þá starfsemi sem ekki hefur gengið upp, ákveðna tegund af verkefnum, smáverk og rekstur á trésmíðaverkstæði í gluggasmíði, útihúðum og slíku í nafni Sólfells,“ segir Jón.

Ans hefur verkefni í Reykjavík og er í viðræðum við lánardrottna og viðskiptavini og er það hluti af endurskipulagningunni. Síðdegis í gær var fundur með starfsmönnum þar sem staðan var útskýrð og farið yfir horfurnar.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, harmar að fyrirtæki þurfi að grípa til hópuppsagna og segir að uppsagnirnar vegi þungt í svo litlu sveitarfélagi sem Borgarbyggð.

Vilhjálmur segir að Verkalýðsfélag Akraness hafi fundið fyrir því síðustu sjö til átta mánuði að röðurinn sé að þyngjast hjá fyrirtækjum, sérstaklega hjá byggingaverktökum. Félagið sé nú í mjög auknum mæli með vangreidd laun í innheimtu fyrir starfsmenn. ghs@frettabladid.is

Er viðskiptahalli mældur í gráðum?

HAGFRÆÐIDEILD

www.vidskipti.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hjá okkur ættir þú að komast nær svarinu. BS-nám í hagfræði er sérlega góður grunnur fyrir starfsframa, svo sem í fjármálageiranum og í öðrum störfum þar sem kunnátta í fjármálum kemur að gagni. BA-nám í hagfræði er unnt að móta að óskum nemenda og veitir þeim færi á að læra aðra námsgrein samhliða hagfræði, svo sem stjórnmálafræði og fjölmiðlafræði. Hagfræðinám er síðast en ekki síst góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í hagfræði og fjármálum, innan lands og utan.

Umsóknarfrestur er til 5. júní. Sótt er um rafrænt á www.hi.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO  RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione


bugatti

MABRUN

LLOYD

SARAR

BELLINI
collezione



Herra
lagervinn
outlet

30-70%
afsláttur af
merkjavöru!

Öll

jakk-

föt

17.980

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17

VERÐ ÁÐUR

~~44.980~~

~~49.980~~

~~54.980~~

~~59.980~~

~~64.980~~

~~69.980~~

~~74.980~~

~~79.980~~

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)



ÍSBJÖRN Í SKAGAFIRÐI



Í SÆDÝRASAFNINU Tveir birnir voru í Sædýrasafninu í Hafnarfirði á árum áður.

VITAÐ UM 600 ÍSBIRNI FRÁ LANDNÁMI

SÍÐASTI BJÖRN HENGÐUR Síðast er vitað um komu ísbjarnar hingað til lands í júní 1993, segir Ævar Pedersen, dýrafraeðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Raunar er ekki víst að hann hafi komist alla leið. Sjómenn frá Bolungarvík komu að birninum á sundi norður af Horni á Vestfjörðum, og hengdu hann, sem olli miklum deilum. Í kjölfarið var lögum breytt og bannað að veða ísbirni á sundi. Ísbirnir eru í útrýmingarhættu.

KOMUR TENGÐAR HAFÍS Ísbjörn sást síðast á landi í Haganesvík í Skagafirði árið 1988, og tveir birnir komu árið 1986, segir Ævar. Landsmenn hafa hingað til tekið komu bjarnanna fremur illa og drepit þá hvar sem til þeirra sást. Ævar segir komu ísbjarna hingað til lands yfirleitt náteygdar hafiskomu, en bæði í gær og árið 1993 komu birnir í júní þegar ís er langt frá landi.

HÚNAVATN Heimildir eru til um komu nærri 600 ísbjarna hingað til lands, segir Ævar. Elsta heimildin um ísbjörn á Íslandi er frá um 890, þegar landnámsmaðurinn Ingimundur gamli á að hafa séð birnu með tvo húna í Austur-Húnavatnssýslu. Er sagt að Húnavatn heiti í höfuð húnanna tveggja.



HENGÐUR Ísbjörninn sem veiddur var árið 1993 var ungt karldýr. Hann var á sundi skammt frá ísbreiðu.



Framtíð og markmið heilbrigðisþjónustunnar

Málþing í Valhöll miðvikudaginn 4. júní kl. 17-19



Frummælandi:
Guðlaugur Þór Þórðarson
heilbrigðisráðgjafi



Fundarstjóri:
Marta Guðjónsdóttir
formaður Vörður – fulltrúaráðs



Pallborðsumræður
Fundarstjóri:
Jóhann Heiðar Jóhannsson
læknir á LSH

Að fundinum standa:
Vörður – fulltrúaráð og heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisstarfsfólk
og allir áhugamenn velkomnir



ÍSBJÖRNINN FALLINN Lögreglan naut aðstoðar félaga í skotfélaginu Ósmann við að fella björninn í gærmorgun. Ísbjörninn vó rúm 200 kíló og var 190 sentimetrar á hæð. Fullvaxta ísbirnir geta orðið 500 til 600 kíló að þyngd. Lögreglan mat það svo að hætta stafaði af birninum og því þyrfti að fella hann.

MYND FEYKIR/PÁLL FRÍDRÍKSSON

Rétt náði að sveigja bílnum frá birninum

Villuráfandi ísbjörn var felldur í Pverárhlið í Skagafirði í gærmorgun. Lögreglan tók ákvörðun um að fella skepnuna til þess að missa hana ekki úr augnsýn en mikil þoka var á svæðinu. Ísbjörninn verður stoppaður upp.

„Ég held ég hafi bara verið jafnhissa og ísbjörninn,“ segir Vilhjálmur Sigurður Viðarsson olíubílstjóri en hann rétt náði að sveigja olíubílnum frá ísbirni sem var á veginum skammt frá blindhæð í Laxárdal milli Skagastrandar og Sauðárkróks um klukkan tíu í gærmorgun.

„Ég stöðvaði bílinn en hann leit til mín og ýlfraði en hélt svo sína leið eftir veginum og ég ók bara á eftir honum,“ segir hann og brosir. „Það hljómar kannski ekki skynsamlega að elta ísbjörn en svona er þetta.“

Það var Guðrún Lárusdóttir sem sá ísbjörninn fyrst skömmu áður. „Ég var þá í símanum,“ segir Þórarinn Leifsson, maður hennar sem var með henni í bílnum. „Ég kvaddi með þeim orðum að ég yrði að skella á því það væri ísbjörn við veginn, ætli viðmælendinn sé ekki enn í sjokki,“ sagði hann skömmu eftir atburðinn. Guðrún segir að lögreglan hafi ekki trúað henni til að byrja með. „Við þurftum að gefa upp nafn og kennitölu enda tilkynnir maður ekki svona hluti nafnlaust,“ segir Þórarinn.

„Við fórum á svæðið með þrjú menn og höfðum samband við skyttur úr Skotfélaginu Ósmann,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki.

„Við vorum í um þrjú til fjögur hundruð metra fjarlægð frá birninum sem var í hlíðinni. Svo byrstrir hann sig og hleypur að okkur svo við forðum okkur niður hlíð-



HRAEÐ SETT Á VÖRUBÍL Ísbjörninn var fluttur af vettvangi um miðjan dag í gær. Hann verður krufinn en síðan er ráðgert að hann verði stoppaður upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ina en þá missum við sjónar á dýrinu sem var skelfileg staða því það sem við vildum allra síst var að týna honum í þokunni.“

Stefán Vagn segir að margir hestar séu á svæðinu. „Ég þori ekki að hugsa þá hugsun til enda ef hjólreiðamaðurinn sem kom að nokkru síðar hefði verið í sporum olíubílstjórans.“

Hann segir að umferð hafi verið lokað á svæðinu en svo hafi björninn fært sig mjög svo að erfitt hafi verið að hafa stjórn á aðstæðum. Hann segir enn fremur að ef ekki hefði verið þoka á svæðinu hefði ekki þurft að skjóta hann þar sem þá hefði verið auðvelt að halda honum í augnsýn. jse@frettabladid.is

SPILAÐ VAR AF FINGRUM FRAM

„Það sem vantaði tilfinnanlega í dag var viðbragðsáætlun. Menn voru að spila af fingrum fram og þess vegna tókst ekki að ná birninum lifandi,“ segir Arni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Arni segist hafa orðið var við gagnrýni á störf lögreglunnar á vettvangi. „Ég hef heyrt misjafnar skoðningar á því hvernig staðið var að verki. Ég held að almenningur hefði kosið að björninn hefði lifað. Þessi dýr eru í útrýmingarhættu. Þau eru táknraen fyrir þá ógn sem stöðjar að norðurslóðum.“

- kg

Engin aðgerðaáætlun tiltæk

„Auðvitað hefði verið best að ná dýrinu lifandi og koma því til sinna heimkynna. Því miður voru aðstæður með þeim hætti að það var ekki mögulegt,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðgjafi um ísbjörninn sem var felldur í Pverárhlið í Skagafirði í gær.

Þórunn segir enga aðgerðaáætlun til staðar í tilfellum sem þessu. „Sérfræðingar okkar hjá Umhverfisstofnun hafa aflað sér upplýsinga um hvernig menn taka á svona atvikum í Noregi og á Svalbarða. Samkvæmt þeim er eina örugga leiðin sú að svæfa birni með pílu sem skotið er úr þylru. Að því loknu þarf að flytja dýrið í neti í sérhannað búr, sem ekki er til



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

hér á landi. Svo þarf að fljúga dýrinu 40 sjómílar út að íssþöngum Grænlands, og það er ekki inni í myndinni að Landhelgisgæslan geti gert það. Það gildir því engin aðgerðaáætlun fyrir slík atvik. Ef svo væri þyrfti allur sá búnaður sem þarf á að halda í slíka björgunaraðgerð að vera tiltækur.“

Þórunn segir að umræður um slíka áætlun muni fara fram í kjölfar atburðanna í gær. Hún er þess fullviss að allir hlutadeigandi hafi gert sitt besta í afar óvenjulegri stöðu. „Aðalatriðið í þessu máli er að maður tekur ekki áhættu á því að hvítbjörn komist í tæri við fólk. Þetta eru hættuleg dýr, og sem betur fer gerist svona ekki á hverjum degi.“

- kg

Símaskráin rauk út ný sending á leiðinni



ÍSLENSKA SÍA.IS / JÁN 42071 05/2008

já er svarið

Símaskráin 2008 verður, á höfuðborgarsvæðinu, á boðstólum í verslunum Bónus, á bensínstöðvum Skeljungs og Olís, og í verslunum Símans og Vodafone. Á landsbyggðinni verður hún til taks hjá Póstinum og í verslunum Símans og Vodafone.



118



ja.is



Símaskráin

Sparaðu með Brimborg

Nýrekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

Í dag. Þú get bílnum efti

Nýjung

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími
eða 24 mánuðir í stað 36

Nýjung

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu
skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Bílafrelsi Brimborgar

12-24.

Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 49.982 kr. á mánuði.

Mazda5 Advance

2,0i 146 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 187 g/km 7 manna
Eyðsla í blönduðum akstri 8,3 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.130.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 49.982 kr.
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigu-
greiðslum er lántökukostn. 422.445 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 35.810 kr. á mánuði.

Ford Fusion Trend

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,5 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.050.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 35.810 kr. á mánuði í
24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er
lántökukostn. 280.210 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000


visthaef skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

**Bensínverðvernd
Brimborgar**

99kr.

Nýjung. Bensínverðvernd
Brimborgar: tryggir þér
1.500 lítra af bensíni á
99 krónur.



ur skilað r 12 mánuði!

Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlíttrinn. Brimborg tryggir þér bensínlíttrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

Brimborgar á nýjum bílum:

Tilboð. Rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði.

Volvo S60 SE m/leðri

2,0T 180 hö 240 Nm sjálfskiptur 4 dyra
CO2 losun 202 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 10,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 5.272.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 73.523 kr.
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigu-
greiðslum er lántökukostn. 725.969 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði.

Citroën C5 Exclusive

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.250.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði í
24 mánuði. Innifalinn í leigu-
greiðslum er lántökukostn. 464.768 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000



Öruggur staður til að vera á

SPARA TÍMA

Golfbilar eru hentug lausn fyrir þá sem stunda golf og vilja komast sem hraðast yfir völinn. Svo eru þeir líka bara flottir.

GOLF 6



ÖRUGG Í VATNINU

Kristrún Gústafsdóttir sundkennari hjá Sundfélaginu Ægi verður með tveggja vikna sundnámskeið fyrir börn frá fimm ára í Breiðholtslaug í sumar.

BÖRN 7



HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GOLF ATVINNA VEIÐI VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



nýir veggstenslar og litir



Dalvegi 18 • Kópavogi • s. 568 6500 • www.fondra.is

Virkir dagar: 10:00-18:00 & Laugardagar: 11:00- 16:00

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"



Elísabet hefur mikinn áhuga á indíánum og langar að verða leikari og bóndi þegar hún verður stór.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Indíáni á Akureyri

Litlar stúlkur eiga sér oft stóra drauma og Elísabet Kristjánsdóttir er þar engin undantekning.

Elísabet er sjö ára dugnaðarförkur sem vilar ekki fyrir sér að taka á móti lömbum og nýtur sín einna best í náttúrunni. „Ég er búin að fara í sauðburð og ég tók lamb úr kind. Mér finnst það samt ekkert sérstaklega merkilegt af því það eru svo margir bændur sem taka lamb úr kind,“ útskýrir Elísabet hógvæð og bætir við að sumum krökkum finnst þetta ógeðslegt en þegar maður byrji á þessu sé þetta eðlilegasti hlutur í heimi. „Hundarnir eru líka skemmtilegir og svo er gaman að leika sér í heyi. Ég stekki oft ofan í heyrúgu og það er ótrúlega gaman,“ segir Elísabet með stjörnur í augum og heldur áfram að lýsa því sem henni þykir gaman að gera.

„Mér finnst skemmtilegast að fara í sumarþúðir, sund, útilegur og til útlanda,“ segir Elísabet en hún ætlar til Spánar með fjölskyldunni í sumar.

„Ég hef farið í sumarþúðir á Ástjörng og þar er mikið fjör. Mér finnst mjög gaman að veiða síli og fara á bát en ég þarf að eignast betri háf því minn er allt of stór,“ útskýrir Elísabet spök á svip og bætir við: „Síðan hef ég mikinn áhuga á indíánum. Þeir eru aldrei inni, búa í tjöldum og þeir mega ráða hvað þeir gera, stökkva í ána, borða ávexti af trjám og svoleiðis.“ Ef Elísabet ætti að velja sér indíánanafn þá myndi hún gjarnan vilja heita Pocahontas.

Elísabetu langar að verða leikari og bóndi þegar hún verður stór. „Mig langar mjög mikið að flytja í sveit. Mig langar ekki að búa í Reykjavík heldur bara á Akureyri eða í sveit,“ segir Elísabet en hún á mikið af skyldfólki fyrir norðan. Draumadagur Elísabetar væri svo sannarlega viðburðaríkur. „Ég myndi byrja á að kaupa mér ís í Brynju á Akureyri og svo myndi ég fara út í sveit eða gista í indíánatjaldi á Akureyri og fara í rússíbana,“ segir hún kímín.

hrefna@frettabladid.is

Fegurðin býr í felgunum...

Sólning býður eitt landsins mesta úrval af ál og krómfelgum

Verð frá 12.899*



SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Varahlutaverslun Björns Hellu, Lyngás 5, sími 487 5995

*pr. stk. 15 x 6,5 gatadeiling 4 x 100.

allt bílar o.fl.

Skottið er geymlustaður bílsins. Gott er að hafa alltaf ákveðna hluti í skottinu eins og sjúkrakassa, hreinsidót fyrir bílinn, reipi og startkapla.



Allt á einum stað

SUMARDEKK
HEILSÁRDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

TOYOTA & LEXUS þjónusta

GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) • 200 KÖPAVOGI • SÍMI: 567 7360

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Ford Mustang hefur verið framleiddur í 44 ár og seldur í milljónum eintaka. Bíllinn þykir vera stöðutákn.

Níu milljónir Mustang-bíla seldar

Alls hafa níu milljónir Ford Mustang-bifreiða verið seldar í heiminum. Það var bóndi í Bandaríkjunum sem eignaðist Mustang númer níu milljónir.

Ford Mustang hefur nú verið framleiddur í fjörutíu og fjögur ár. Fyrsta árið seldust 419 þúsund eintök og ári seinna var talan komin upp í milljón. Á þessum

tíma var þetta sölumet frá upphafi bílasölu í heiminum.

Fritz Wilke, hönnuður Mustang, er mjög ánægður með að níu milljónasti Mustanginn sé kominn á göturnar. Mikil vinna hafi verið lögð í bílana sem geri Mustanginn að því stöðutákni sem hann sé í dag.

Bóndinn sem eignaðist þetta tímamótaeintak var ánægður og sagði að dóttir hans hefði vakið áhuga hans á Ford Mustang. - mmm

**KERRUÖXKLAR
Í ÚRVALI**

og hlutir til kerru-smíða

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurð gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430



Nýjungar á bílamarkaði

BRIMBORG KYNNIR NÚ TVÆR NÝJAR OG ÁHUGAVERÐAR NÝJUNGAR Á BÍLAMARKAÐI. UM ER AÐ RÆÐA BENSÍNVERÐVERND OG BÍLAFRELSI MEÐ SVEIGJANLEGGRI SKILMÁLUM.

Með bensínverðvernd fá viðskiptavinir bensínlítrann á aðeins 99 krónur í tólf mánuði og með bílafrelsi eru rekstrarleigutökur með sveigjanlegum leiguskiðum en áður hefur sést.

Bensínverðvernd gefur eigendum nýrra bíla hjá Brimborg það tækifæri að kaupa bensínlítrann á aðeins 99 krónur. Viðskiptavinir fá ÖB bensínlykil með úttektarheimild fyrir 1.500 lítrum á 99 krónur. Bensínverðverndin gildir í tólf mánuði frá kaupum á bílnum. Bensínverðverndin gildir fyrir kaup á öllum gerðum nýrra bíla hjá Brimborg og með völdum tilboðum.

Bílafrelsi 12-24 svokallað er nýjung í rekstrarleigu bíla hér á landi. Leiguskiðmálur eru sveigjanlegri en áður hefur sést á bílamarkaði eða 24 mánuðir í stað 36 eins og venjan er.

Jafnframt stendur rekstrarleigutaka til boða að stytta leigutímamnið í tólf mánuði, án þess að greiða aukakostnað. Í hefðbundinni rekstrarleigu getur sá kostnaður verið talsverður, eigi rekstrarleigutakinn þess á annað borð kost að segja upp leigunni. Valdír bílar frá Ford, Citroën, Mazda og Volvo eru nú fánlegir með bílafrelsi og einnig bensínverðvernd. Áhugasamir eru hvattir til að kíkja við hjá Brimborg. - mmm



Mikið úrval atvinnubíla

NÝR CITROËN BERLINGO ER KOMIN Á MARKAÐ OG MEÐ KOMU HANS BÝÐUR CITROËN UPP Á MESTA ÚRVAL SENDIBÍLA FYRIR ATVINNUBÍLSTJÓRA FRÁ UPPHAFI.

Mikið hefur verið lagt í hönnun nýja Citroën-bílsins og mætir hann mismunandi þörfum kaupenda sinna. Citroën-bílar eru sterkir á mörkuðum í Evrópu og í hverri viku er einn af hverjum fimm seldum atvinnubílum frá Citroën.

Alltaf hefur Citroën hannað atvinnubíla fyrir krefjandi aðstæður. Hin nýja lína minni sendibíla svarar því kröfum kaupenda Citroën um hleðslugetu og flutningsrymi og möguleikar Citroën-sendibíla eru fjölbreyttir.

Mikið er lagt upp úr öryggi ökumanna, farþega og farmsins sem fluttur er í bílnum. Í öllum sendibílum frá Citroën eru krókar til þess að festa niður farm bílsins. Einnig er hægt að fá þjófavarnarkerfi í bílana sem minnkar líkur á þjófnaði farmsins. Citroën ætlar að taka þátt í þeirri aukningu sem er í umhverfisvernd með því að nota vélar sem losa minna af CO2 út í andrúmsloftið. Í Citroën-sendibíla eru HDI-vélar fánlegar með tvinnblöndu, þ.e. eldsneytisblöndu sem keyrir að hluta til á 30% umhverfisvænu díseldsneyti. Með þessari tækni má minnka útblástur CO2 og stuðla að umhverfisvænni orku. - mmm



Þeir sem vilja kynna Trabant-bifreiðinni, sem er eitt af kennimerkjum Austur-Þýskalands, af eigin raun geta farið í Trabant-safarí um Berlín.



Hér má sjá dæmigerða austur-þýska sjónvarpsstofu. Gestum DDR-safnsins er velkommið að tylla sér í sófann og horfa á gamla þætti úr austur-þýska sjónvarpinu.

Kaldastríðsárin beint í æð

Þeir sem leggja leið sína til Berlínar eru margir forvitnir um kaldastríðsárin og hið einangraða líf í Austur-Þýskalandi. Á DDR-safninu er hægt að fá nokkuð raunsanna mynd af ástandinu sem þar ríkti.

Á DDR-safninu, sem er við Karl-Liebknecht-Strasse á bak við dómkirkjuna í Berlín, er hægt að fá nas-sjón af þeim tíma þegar kommúnistar voru við völd í Austur-Þýskalandi. Þar er hægt að fræðast um lifnaðarhætti Austur-Þjóðverja áður en múrinn á milli austurs og vesturs féll árið 1989, en þeir voru töluvert frábrugðnir lifnaðarháttum Þjóðverja í vesturlutanum.

Safnið er að mestu leyti gagnvirkt og er ætlast til þess að gestir handleiki safngripi á borð við ritvélar, gamla sjónvarpsskerma og aðra muni.

Í grámóskulegu safninu, sem er tilnefnt sem eitt af söfnum ársins í Evrópu árið 2008, má meðal annars sjá eftirlifringar af varðturni og Berlínarmúrnum ógurlega. Þá gefur að líta klassískt austur-þýskt eld-

hús í eggjarauðgulum og brúnum lit og dæmigerða sjónvarpsstofu þar sem hægt er að setjast niður og horfa á gamla þætti úr austur-þýska sjónvarpinu.

Í safninu má einnig finna Ampelmanninn svokallaða, götuljósakaril sem notaður var í Austur-Þýskalandi. Sá ber barðastóran hatt á höfði og þaðar út höndum þegar hann bregður sér í rauða búninginn. Mörgum þykir mikið til karlsins koma og lengi stóð styr um hann þar sem hann átti alfarið að víkja fyrir vestræna karlinum, sem flestir kannast við. Að endingu var þó ákveðið að hlífa Ampelmann á ákveðnum gatnamótum í Berlín og þar má sjá hann enn í dag.

Eitt vinsælasta tækið á DDR-safninu er Trabant-hermir. Hann líkir eftir gömlu Trabant-bifreiðunum sem voru eitt af helstu kennimerkjum Austur-Þýskalands. Þeir sem vilja kynna bifreiðinni frægu enn betur geta farið í Trabant-safarí um Berlín en það er að finna á horni Wilhelmstrasse og Zimmerstrasse, nærri Checkpoint Charlie. Þá er ekið um borgina í 26 hestafla tvígegisbifreið og jafnvel lagt upp í ferð með Trabant-bílalestinni. Þeir sem vilja geta tekið einfalt Trabant-ökupróf.

vera@frettabladid.is

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

SKEMMTILEGAR SUMARFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK

SUMARFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK

Ferðir fyrir Íslendinga
í einstaka náttúruparadis

Þórs mörk er ein af feegurstu náttúruperlum Íslands umlukin fjöllum, jöklum og jökulám. Skógi vaxið landsvæðið býður upp á einstaka veðursæld.

Hoppaðu upp í næstu rútu Kynnisferða og skelltu þér í ógleymanlega áventýraferð í Þórs mörk. Upplýsingar um brottfararstaði og tíma má finna á www.re.is. Á vegum Kynnisferða eru áætlunar- og hópferðir í Þórs mörk. Auk þess bjóða Kynnisferðir upp á leiðsögn, gistingu, léttar veitingar og veisluþjónustu. Skildu bílinn eftir og komdu með okkur í Þórs mörk.

Ferðir daglega 15/6-14/9
Hópferðir eftir pöntunum

BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / main@re.is / www.re.is

Kynnisferðir

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar
„Ég sá það fyrst á visir.is“



Tenerife

10. eða 24. júní

frá kr. 49.990

í 2 vikur

Frábært sértíloð
Cristian Sur & Tenerife Sur
2 vikur - góð gisting

Síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Tenerife í júní. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Í boði er gisting á góðum íbúðahótelum, Cristian Sur eða Tenerife Sur, sem eru mjög vel staðsett í Los Cristianos. Stutt frá ströndinni og hringiðunni í hinum skemmtilega Los Cristianos bæ. Griptu tækifærið og skelltu þér í frí á frábærum kjörum.

Verð kr. **49.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, í íbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.

Verð kr. **59.990**

Netverð á mann, m.v. 2 saman í stúdíóíbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

allt

veiði o.fl.

Veiðiferðirnar eru ekki skemmtilegar ef útbúnaðurinn er ekki í lagi. Réttur fatnaður er jafn nauðsynlegur og réttu veiðigræjurnar.



LAXÁ Á REFASVEIT

Það var að losna holl 21.-23. júlí

Eigum laust: 2 holl í júlí · 1 holl í ágúst · 4 holl í september

Upplýsingar veitir Stefán í síma 898-3440

Auglýsingasími

512
50
50



- Mest lesið



Ragnheiður Erla Rósarsdóttir, ásamt dóttur sinni Katrínu Heru, við veiðar í Selá í Vopnafirði.

Hefur veitt frá unga aldri

Ragnheiður Erla Rósarsdóttir hefur stundað veiði frá unga aldri en hún segir ýmislegt hafa breyst frá því hún byrjaði að sveifla stöng.

„Ég veiddi mikið með pabba mínum, Rósari Vigfúsi Eggertsyni, þegar ég var lítil stelpa. Síðan kom smá hlé á unglingsárunum en þegar ég kynntist mannum mínum, sem er líka veiðiáhugamaður, vaknaði áhuginn á ný. Síðan höfum við ræktað áhugamálið saman og förum í veiði allt að sjösinnum á sumri,“ segir Ragnheiður Erla Rósarsdóttir, efnaræðikennari í Kvennaskólanum.

Hún hefur farið í laxveiði mjög víða en þó aðallega veitt í Selá og Langá þar sem fjölskylda Gústafs Vífilssonar, eiginmanns hennar, á land á báðum stöðum. „Hin síðari ár hef ég líka töluvert farið í urriða í Laxá í Þing og sjóbirting í Tungufljóti.“

En hvað er það sem er svona heillandi við veiðina? „Það er umfram allt félagsskapurinn og að vera úti í náttúrunni fjarri skarcala borgarinnar.“


Ragnheiður, sem á fjögur börn á aldrinum tíu til nítján ára, hefur tekið þau öll með í veiðina og segir að í hennar tilfelli sé um fjölskyldusport að ræða. „Þetta hefur þó mikið verið að breytast og hef ég sagt við börnin mín undanfarin ár

að þau séu að upplifa algeran lúxus sem komi ekki til með að endast. Áður fyrr var ekkert mál að taka börnin með og vera margir um eina stöng. Börnin okkar nutu góðs af því en í dag fer fólk ekki með sex ára barn sem er rétt farið að sveifla stöng í á sem kostar tugi eða hundruð þúsunda dagurinn,“ segir Ragnheiður.


Hún segist ávallt draga eitthvað af aflanum að landi en stórum hluta hans er yfirleitt sleppt. „Mér finnst nauðsynlegt að hafa eitthvað með í soðið enda er ég alin upp við það. Við verkum aflann strax að veiðinni lokinni, setjum í flök og frystum. Það er svo ekki amalegt að geta dregið villtan lax upp úr frystikistunni á tyllidögum.“ vera@frettabladid.is

Veiðileyfi um land allt

www.svfr.is




HVAR VILTU VEIÐA?
HVAÐ VILTU VEIÐA?
HVENÆR VILTU VEIÐA?



Byrjaðu veiðiferðina á heimasíðunni okkar!

Þú færð upplýsingar um veiðisvæði um land allt, lest nýjustu veiðifréttirnar og gengur frá kaupum á veiðileyfum á vefnum okkar, www.svfr.is




Smelltu þér í veiði.

Stangveiðifélag Reykjavíkur | www.svfr.is



www.gras.is
ÞAR SEM ALLT SÚYST UM
FÓTBOLTA

Nýtt! Gras.is heint á skjáborðið þitt!
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!



HVERJU BREYTTIRÐU SÍÐAST?

Brynja Hjálmtýsdóttir í nýbyggingunni.



Smiðirnir í kaffi

Brynja Hjálmtýsdóttir, ráðgjafi hjá Audi Capital, stendur í framkvæmdum heima hjá sér þrátt fyrir skjálfta.

„Ég er að byggja við húsið mitt, bæta við svefnherbergi með baði og stækka bílskúrinn,“ segir Brynja um nýjustu breytingarnar heima hjá sér. Hún býr á Selfossi en segir skjálftann ekki hafa sett framkvæmdirnar úr skorðum.

„Nei, þetta seinkaði ekki framkvæmdum. Það sannaðist bara að verkfræðingurinn sem teiknaði burðarvirkið í nýbygginguna er virkilega að vinna fyrir kaupinu sínu því það haggadist ekki neitt,“ segir Brynja og hlær. „Svo vildi svo vel til að smiðirnir voru í kaffi þegar skjálftinn gekk yfir en þeir voru annars að vinna í þakinu og hefðu getað verið staddir uppi á vinnupallinum. Ég veit ekki hvernig þá hefði farið og er voða fegin að þeir voru bara í miðjum kaffitíma,“ bætir hún við.

Brynja segir heimili sitt hafa sloppið vel en hún hefur verið að taka það í gegn í áföngum og tók nýlega þvottahúsið í gegn. Einnig á Brynja hús í sveit í Ólfusinu og þar urðu breytingar sem hún óskaði ekki eftir.

„Við vorum að laga stétt fyrir framan húsið helgina fyrir skjálftann. Þegar ég kíkti á hana á laugardaginn hafði hún súnkað niður frá tíu sentimetrum niður í fimmtíu sentimetra. Það var óumbeðin breyting.“ - rat

Grjót og gras á þakinu

Flöt þök eru vinsæl í dag og með ódýrari þakútfærslum sem fást.

Flöt þök eru vinsæl á nýbyggingum, þau minnka bæði rúmmál húsa og kostnað þeirra. Jón Ingi Sigurðsson, eigandi fyrirtækisins Fagþak ehf., sem sérhæfir sig í flötum þökum, bendir á að oft eru kvaðir í hverfunum um að húsin megi ekki vera of há og því eru flöt þök góð lausn. „Margir vilja frekar fá lofthæðina inn í húsið frekar en að taka af hæðinni til að byggja ris,“ útskýrir Jón Ingi.

Ymsar útfærslur eru til á flötum þökum en undirstaða þeirra er öll sú sama. Dúkurinn sem notaður er á flöt þök er sundlaugadúkur. „Ef þakið er rétt unnið er það hugsað sem sundlaug,“ útskýrir Jón Ingi. „Á veturna fyllast þökin af snjó og bleytu og þá dreina flötu þökin sig ekki eins og önnur þök. Þá er mikilvægt að þau þoli að fyllast af vatni.“

Malarþök eru vinsæl en þá er sjávarmöl notuð til að halda þakdúknum niðri. Grjótíð er ekki hugsað sem punt heldur festan fyrir þakið. Jón Ingi bendir á að hægt er að létta þakið með því að sleppa mólinni en þá er dúkurinn negldur niður eftir kúnstarinnar reglum. „Við sníðum okkar þjónustu utan um hvert þak fyrir sig og óskir íbúa. Sumir vilja tyrft þök, aðrir vilja fá þau hellulögð en við hugsum þökin alltaf sem sundlaugar og vinnum svo ofan á það.“



Jón Ingi Sigurðsson stofnaði Fagþak ehf. árið 2005. Að sögn hans hafa torfþök lengi verið vinsæl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Malarþök eru ódýrasta útfærslan á flötum þökum. Sjávarmólin heldur þakdúknum niðri.

Fagþak sérhæfir sig í gerð nýrra þaka en vinnur einnig við að endurnýja eldri þök og svalir svo eitthvað sé nefnt. Mest er malarútfærslan notuð í nýbyggingar, en torf er einnig vinsælt. Fagþak býður upp á alla þá þjónustu og það efni sem fylgir þökunum.

Ef flötu þökin eru farin að leka er oft óþarfi að skipta um allan dúkinn. Oft er nóg að setja bót þar sem lekinn er og samkvæmt Jóni Inga þá er það lítið mál. Hann bendir á að mikilvægt sé að fylgjast reglulega með ástandi þakanna og passa niðurföll. Hann mælir með að fólk láti yfirfara hjá sér þakið á tíu ára fresti.

klara@frettabladid.is



KERFISLOFT

Hagkvæm og falleg lausn fyrir öll loft. Einstök hönnun sem hentar í flest rými.



Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is





Útivistarsumar

Kauptu tvær í pakka!

Verð kr. 1.490,- m/vsk

Verð kr. 3.490,- m/vsk

Enn betra golf og Hálandishandbókin saman á kr. 3.990,- m/vsk

heimur Borgartúni 23 · 105 Reykjavík · Sími: 512 7575 · www.heimur.is

Nýjir golfbílar á TILBOÐSVERÐI

Örfáum bílum óráðstafað!

Verð aðeins kr: 398.000.- !

Mál í mm.
L-2450 x B-1160 x H-1800
Aflmikill motor 3,3 Kw. 48 volt
Hljóðlátur aðeins 50 dB

VELAVER!

Krókhálsi 16 - Reykjavík - 588 2600 - www.velaver.is



Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is



Pósthúsið ehf., Suðurhraun 1, 210 Garðabær, s: 585 8300



Íslandsmót 35 ára og eldri er venjulega vel sótt

Íslandsmót eldri kylfinga

Íslandsmót 35 ára og eldri fer fram dagana 25. til 28. júní á Kiðjabergsvelli í Grímsnesi.

Peir sem vilja skrá sig á Íslandsmót 35 ára og eldri geta gert það á slóðinni www.golf.is, en það fer fram dagana 25. til 28. júní á Kiðjabergsvelli.

Keppt verður í flokki karla og kvenna 35 ára og eldri og er leikfyrirkomulagið högguleikur. Holurnar eru 54 og verða leiknar á fjórum dögum.

Mótið hefur verið vinsælt síðustu ár og á síðasta ári þegar það fór fram á Selsvelli á Flúðum komust færri að en vildu.

Skráning hefst á sunnudaginn og lýkur 20. júní og verður keppendum þá skipt upp í forgjafarflokka. Mótsgjald er átta þúsund krónur.

Ezgo-golfbílarnir eru tveggja sæta rafmagnsgolfbílar sem eru afar léttir. Þyngd bílsins er því góð fyrir golfvöllina sjálfa. Ezgo-golfbílinn er lítill og og auðveldur í akstri og fæst hjá MHG verslun. Hægt er að fá frekari upplýsingar á www.mhg.is.



Sporin spöruð

Golfbílar njóta æ meiri vinsælda hér á landi.

Mikið úrval er til af þessum skemmtilegu tækjum sem bruna um golfbrautir landsins og spara kylfingum sporin á vellinum.

Golfbílar hafa af mörgum frekar verið taldir fyrir eldri golfáhugamenn en það viðhorf er að breytast, enda hefur áhugi á íþróttinni aukist til muna og golfvellirnir því oft þéttskipaðir. Með fleira fólk á golfvöllum getur verið gott að flýta fyrir sér og ferðast um á golfbíl sem flytur iðkendur hratt og örugglega á milli hola.

mikael@frettabladid.is



Hér má sjá Precedent-golfbílinn frá Club Car. Hann er til bæði með og án Curtis-húss og fæst hjá Ernimun.

Golfbílar, Golfhjól og Rafskutlur á frábæru verði



Rafskutlur Verð kr. 149.000



Golfhjól Verð kr. 156.000



Golfbílar Verð kr 599.000

Lónsbraut 6, 220 Hafnarfjörður • Símar 866-6610 og 893-3347
www.hberg.is • E mail hberg@hberg.is


Íslenskur iðnaður

MIÐVIKUDAGUR 4. JÚNÍ 2008



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



ZEITUR



Raftækniskólinn Hátækninám

Nám sem býður nemendum frábæra aðstöðu, góða kennslu og spennandi verkefni.

- Grunnám rafiðna
- Rafeindavirkjun
- Rafvirkjun
- Rafvélavirkjun
- Stúdentspróf
- Hraðdeild

Grunnnám sem er 80 einingar er forsenda fyrir námi til sveinsprófs. Hraðdeild í grunnnámi rafiðna er fyrir nema sem hafa stúdentspróf.

Umsóknarfrestur er til 11. júní

Raftækniskólinn er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli, sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Raftækniskólinn
Tækniskólinn 

www.tækni.is

ÖRYGGISHELLUR
VÖRN FYRIR BÖRN




Öryggishellur eru framleiddar af GV á Akureyri samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum. Þær henta vel á leikvelli, við sundlaugar, heita potta og önnur útsvæði.

UMFERDARVÖRUR



Hnattar fyrir rör og plastbæði.



Fantur fyrir aðvörunarflugt og umferðarmerki.



Plattar fyrir stíkur hraðhindrun - kapahlöpp.



Gúmmistaugar fyrir bílastæði.



Kellur
Gúmmivörur eru íslensk framleiðsla, búnar til úr gúmmi sem fellur til við endurvinnslu hjóla.

ALORKA

Tilfarðir 15 • 110 Reykjavík • Sími: 577 3090
Húðarvami 1 • 403 Akureyri • Sími: 464 7900
www.alorka.is • alorka@alorka.is

Framtíðin er byrjuð

Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun setja upp Fab Lab-smiðju í Vestmannaeyjum í sumar, en þar munu ungir sem aldri fá tækifæri til að þjálfa sköpunargleðina og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

„Fab Lab er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er, en markmið verkefnisins er að kynna fólk fyrir stafrænni framleiðslutækni, auka þekkingu á persónuþaðri framleiðslu, efla nýsköpun á Íslandi og veita almenningi aðgang að fullkomnustu tækni sem nota má í iðnaði,“ segir Frosti Gíslason, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem ásamt Smára McCarthy fór af stað með undirbúning að verkefninu í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, en smiðjan er hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna aflasamdráttar.

„Stafræn framleiðslutækni er framleiðsluáferð þar sem tölva er notuð til að hanna nánast hvaða hlut sem er og stýra fullkomnum tæknibúnaði til að framleiða hlutinn til enda. Þannig verða hugmyndir og draumar fólks að veruleika í Fab Lab, því í slíkum smiðjum er fundinn farvegur fyrir flest það veraldlega sem manneskjan þráir; þar sem hún getur teiknað, hannað, útfært og framleitt alla þá hluti sem hana dreymir um að eiga en hún finnur hvergi,“ segir Frosti um þá framúrsteftulegu hugmynd sem upphafsmaður Fab Lab, Neil Gershenfeld við MIT-tækniháskól-



Frosta Gíslason, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, í dulúðlegri þoku utan í fjöllum Heimaeyjar, en enn dularfullri eru ævintýri Fab Lab-smiðjunnar sem senn tekur til starfa í Vestmannaeyjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR FRÍDRÍKSSON

ann í Boston, kallar persónuþaða framleiðslu.

„Persónuþaða framleiðsla þýðir að einstaklingurinn framleiðir sína eigin hönnun í takmörkuðu upplagi, og kannski aðeins fyrir sjálfan sig. Hann getur einnig deilt henni með öðru fólki á hnettinum, á eins konar uppskriftavef hugmynda, þar sem fólk getur miðlað áfram upplýsingum um hvernig hægt er að búa til alla skapaða hluti. Um allan heim eru nú þegar 35 Fab Lab-smiðjur, í stórborgum sem og afskekktum landsvæðum. Hvarvetna hafa þær stórukið margfeldnis- og nýsköpunaráhrif í samfélaginu, og sums staðar eru smiðjurnar settar upp með þróunaraðstoð. Markmiðið er

alltaf það sama; að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálf í hvers kyns sköpun og með bestu fáanlegu tækni sem notuð er í stórum iðnaði, hvort sem það er laser-skurðtæki, fræsivélar, rafeindatæki eða annað, en á miklu minni skala,“ segir Frosti um undrið Fab Lab, sem forspáir segja að þjóna muni þörfum allra heimila eftir aðeins tuttugu ár.

„Segjum að mig langi í stól sem ég hanna sjálfur og framleiði að fullu í Fab Lab. Einhverjum á Spáni þykir hann flottur og vill smíða annan eins handa sjálfum sér, en bætir við lesljósi í stólbakið. Þá útfærslu tekur svo hugmyndaríkur Afríkubúi fegins hendi, bætir um betur og hannar á stólinn lesborð. Þannig hefur þekk-

ingu og hugmynd verið deilt á milli manna og útkoman er stórkostlegur hlutur með hjálp hugbúnaðar sem er öllum frjálst og aðgengilegur,“ segir Frosti og ítrekar að hugmyndaflugið sé það eina sem raunverulega vanti í Fab Lab-smiðjuna svo hún njóti sín sem best.

„Með Fab Lab viljum við auka tæknilæsi almennings og kenna fólki að nota tæknina. Við viljum að næstu kynslóðir muni alast upp við stafrænar framleiðsluáferðir og að þeim þyki jafn eðlilegt að nota Fab Lab-smiðju í framtíðinni og að nota farsíma nú. Framtíðin er byrjuð og ekki eftir neinu að bíða. Við þurfum að opna okkur fyrir öllum hennar undrum með því að taka virkan þátt frá byrjun.“ -plg

Nýjungar í Tækniskólanum

Með sameiningu Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík verður til Tækniskóli Íslands – skóli atvinnulífsins. Sameiningin hefur í för með sér ýmsar nýjungar og aukid námsframboð.

„Stóra breytingin er að við erum að brjóta skólana niður í ellifu sjálfstæða undirskóla og það mun hafa heilmikil áhrif á námsframboðið. Skólastjórar viðkomandi skóla fá mikið frjáltsræði í að ákveða námsframboð og hvaða stefnu þeir vilja taka,“ útskýrir Baldur Gíslason, annar tveggja skólameistarar Tækniskólans, sem er í senn framhaldsskóli og eins konar brú yfir í háskólana.

„Við erum líka að búa til einingar á háskólastigi. Samkvæmt framhaldsskólalögum ber okkur að kalla þetta viðbótarnám til háskólaeininga og þar munum við koma strax í haust með nýtt nám þar sem meðal annars verður boðið upp á nám í „mechatronics“, eða rafvélfraði. Það hefur ekki verið í boði hér og er mikil eftirspurn eftir fólki með slíka menntun hjá hátæknifyrirtækjum eins og Marel, Skaganum og Össuri.“

„Við verðum einnig með nám í framleiðslustjórnun og flugrekstrarfræðum. Nám á háskólastigi er í



Tækniskólinn verður stærsti framhaldsskóli landsins og verða skólameistararnir tveir, þeir Jón B. Stefánsson og Baldur Gíslason.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

raun diplómagráða eða fyrri hluti BS-gráðu en við ætlum almennt að vera með tveggja ára námsbrautir í þessu,“ segir Baldur og bendir á að síðan sé hægt að klára háskólanámið til dæmis í verkfræði og tæknifræði. „Við vinnum þetta námið með háskólastiginu og má þar nefna Háskólann í Reykjavík og dönsku háskólana. Eins munum við bjóða upp á nýjar samsetningar á stúdentsprófi á framhaldsskólastiginu þar sem við erum að tengja frekar óhefðbundnar greinar inn í stúdentsprófið,“ útskýrir hann og nefnir sem dæmi stúdentspróf í náttúrufræði með

áherslu á flugtengdar greinar eða vél- og raftengdar greinar. „Við munum því fjölga mjög útgöngu-leiðum til stúdentsprófs.“

Tækniskólinn er þó ein heild og þar er yfirstjórnin. „Þetta er langstærsti framhaldsskólinn. Hugmyndin er sú að allt stoðkerfið sé sameiginlegt fyrir þessa skóla þannig að við erum bara með eitt skrifstofuhald fyrir alla skólana og eitt sett af námsráðgjöfum. Það er því heilmikil samlegð í þessu en með því að gera sjálfstæða skóla skerpum við á því að atvinnulífið hafi beina tengingu inn í sinn skóla.“

-hs

Lýst eftir afkomendum

Brjóstmynd af Gunnari Einarssyni (1893 til 1975) fannst nýlega hjá Iðunni fræðslusetri, sem flytur nú frá Hallveigarstíg niður í Skúlatún 2. Gunnar var forystumaður meðal prentara stærstan hluta 20. aldar og stýrði Ísafoldarprentsmiðju frá 1929 til 1955. Einnig var hann formaður Félags íslenskra prentsmiðjueinda 1930 til 1954, auk þess sem hann var einn af stofnendum Almennra trygginga og stjórnarmaður Útvegsbankans. Gunnar átti fimm börn og Iðan vill gjarnan komast í samband við einhvern afkomenda hans til að taka við myndinni, sem er eftir Ríkarði Jónssyni myndhöggvara.

Nánari upplýsingar er að finna á: www.idan.is. -rt



Gunnars Einarssonar var forystumaður meðal prentara á 20.öld.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður



Trégluggar og -hurðir



Prodema viðarklæðning



Álprófilar – Sapa Building System



Sólstofur og svalalokanir



Hraðhurðir

Stálhurðir með og án glugga

Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!



Álklæddir trégluggar



Álgluggar og -hurðir



Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir



Rennihurðir



Alux öryggislokanir

Renson loftunarristar



Gluggasmiðjan

Viðarhófi 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is

Frumkvæði með Frumtaki

Nýsköpunarsjóður, bankar og lífeyrissjóðir stofnuðu á dögunum samlagssjóðinn Frumtak.

„Stofnendur eru Nýsköpunarsjóður ásamt Kaupþingi banka, Glitni og Landsbankanum og sex stærstu lífeyrissjóðum landsins. Sjóðurinn mun hafa í það minnsta 4,65 milljarða króna á næstu árum til fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem þykja vænleg til vaxtar og útrásar en gert er ráð fyrir að sjóðurinn geti orðið allt að sex milljarðar,“ segir

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

„Markmið sjóðsins er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun til fjárfesta. Frumtaki er ætlað að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru komin af svokölluðu klakstigi sem felur í sér að það sé komin söluhæf vara og ákveðin reynsla á hana og að það liggi fyrir ítarlegar viðskiptaáætlanir,“ útskýrir Finnabogi og bætir við: „Frumtak getur fjárfest erlendis að því marki sem nauðsyn-

legt telst vegna útrásar eða markaðssóknar íslenskra fyrirtækja á erlendum markaði. Þá fjárfestum við með íslenskum fyrirtækjum sem eru að styrkja stöðu sína á erlendum mörkuðum.“


Sjóðurinn hefur verið lengi í bígerð en um þrjú til fjögur ár eru síðan upp komu hugmyndir um að stofna sjóðinn. „Ákveðið var á Alþingi fyrir um tveimur árum að veita um 1,5 milljarða króna framlagi til Nýsköpunarsjóðs af tekjum ríkissjóðs vegna sölu Símanans og er það stofninn í Frumtaki. Þetta var þó gert að því tilskildu að Nýsköpunarsjóður fengi aðra aðila úr atvinnulífinu til liðs við sig með að minnsta kosti sömu upphæð,“ segir Finnabogi og bætir við að það hafi tekist og gott betur þar sem rúmlega tvöföld sú upphæð komi frá öðrum.

„Ástandið almennt er ekki mjög gott núna í efnahagslífinu en það sýnir að mínu mati framsýni bankanna og lífeyrissjóðanna sem eru þarna í fararbroddi að ráðast í þetta verkefni. Það er ekki síst í svona árferði sem þörf er á að reyna að styðja við uppbyggingu vænlegra fyrirtækja á Íslandi og skjóta fleiri stöðum undir atvinnulífið,“ segir hann.

-hs



Óssur Skarphéðinsson iðnaðarráðgjafi lýsti því yfir að þeir aðilar sem komið hefðu að stofnun Frumtaks ættu heiður skilinn.



Ragnheiður Héðinsdóttir, matvælafræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, segir mikilvægt að hvetja til nýsköpunar í matvælaíðnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÓR


Væri ekki betra að nota réttu tækin í verkið?

Við höfum yfir að ráða fjölda sérhæfðra jarðvegstækja sem henta vel við ýmsar erfiðar aðstæður og spara þér handtökin. Bjóðum upp á flestar gerðir af smágrófum og beltaborum ásamt jarðvegsþjóppum, völturum og fleiru.



Með því að nota réttu tækin er að hægt að tryggja góða vinnuástandi í erfiðum verkefnum sem bæði létta vinnuna til muna og spara mikinn tíma. Við leigjum út grófur með tækjamanni ef þess er óskað. Vinnulyftur eru umbodsaðili fyrir tæki frá traustum og virtum framleiðendum og veitir viðskiptavinum sínum góða og örugga þjónustu.

Við bjóðum jarðvegstæki og vinnulyftur til leigu og sölu
Vinsamlegast hafið samband og fáið tilboð í síma 544 8444



SKYJACK nirtvillir TEREX BOMAG

Tæki til leigu

Vinnulyftur leigja út vinnulyftur, jarðvegstæki og lyftara af ýmsu tagi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hvort sem þig vantar léttar skærulyftur, bórnulyftur, stökkulyftur eða minni jarðvegstæki, þá getur þú leigt tækið hjá okkur.

Tæki til sölu

Vinnulyftur selja bæði notuð og ný tæki. Við erum virður kenndur söluaðili á Íslandi fyrir Skyjack og Terex. Höfum ávallt fjölda tækja á lager en einnig er hægt að fá sérpantaniir afgreiddar með stuttum fyrirvara.

Vinnulyftur
- vélar í verkið þitt

Nýsköpun í matvællum

Settur hefur verið á fót þróunarvettvangur á sviði matvæla. Samtök iðnaðarins, Rannsóknarþjónustan Sýni, Matis og Rannís stóðu að undirbúningi vettvangsins.

Þróunarvettvangur á sviði matvæla var stofnaður 27. maí með það að markmiði að koma á virku samstarfi milli matvælaframleiðenda, neytenda, lýðheilsusérfræðinga, stjórnvalda og þeirra sem stunda rannsóknir á matvællum og næringu. Fjöldmörg fyrirtæki og hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, háskólar og ráðuneyti munu taka þátt í starfi þróunarvettvangsins.

Ragnheiður Héðinsdóttir, matvælafræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, vann að undirbúningi verkefnisins. „Það horfir hver á matvæli út frá sínu sjónarhorni,“ útskýrir hún. „Íðnaðurinn framleiðir vörur og vísindamennirnir búa yfir rannsóknarniðurstöðum sem iðnaðurinn gæti notað en eru ekki aðgengilegar. Við viljum brúa bilið á milli þessara aðila. Koma á umræðugrundvelli og hvetja með því til nýsköpunar í iðnaðinum. Íslenskur iðnaður þarf að uppfylla þarfir neytenda og standast samkeppni við innfluttar vörur.“

Ragnheiður segir mikilvægt að þróa vörur með tilliti til ráðlegginga um mataræði, þegar umræða um hollustu og heilsufar er í brennidepli. Þróunarvettvangurinn muni meðal annars standa að

nýsköpun með hollustu að leiðarljósi í samræmi við stefnu stjórnvalda.

„Það er ekki einfalt að minnka til dæmis salt eða fitu í vöru heldur krefst það mikilla rannsókna á því hvernig varan bregst við þegar einhverju er breytt. Allir þeir sem koma að vettvangnum búa yfir sérhæfðri þekkingu sem kemur að gagni við vöruþróun og nýsköpun.“

Þróunarvettvangurinn nýstofnaði er í samstarfi við samþættingu vettvanga í Evrópu en til að standast samkeppni við aðra á matvælamarkaði hefur Evrópusambandið átt frumkvæði að því að koma upp Evrópuvettvangi. Íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa aðgang að rannsóknarstyrkjum sambandsins og með virku samstarfi við Evrópuvettvanginn má hafa áhrif á rannsóknastefnu sambandsins.

„Við getum hugsað þetta eins hér á Íslandi, að við viljum standast samkeppni við innflutt matvæli,“ segir Ragnheiður. „Nú höfum við stigið fyrsta skrefið og stofnað þróunarvettvang matvæla en þetta hefur lengi verið í umræðunni. Fram undan er svo að þróa þetta áfram. Við munum halda reglulega fundi og kynna niðurstöður úr rannsóknarverkefnum til að byrja með og stofna jafnvel vinnuhópa um tiltekin mál.“

Hægt er að afla sér frekari upplýsingar um þróunarvettvanginn á heimasíðu Samtaka iðnaðarins, www.si.is.

-rat



Borgarholtsskóli

Innritun nemenda úr grunnskóla á haustönn 2008
stendur yfir og lýkur 11. júní

Í boði eru eftirtaldar námsbrautir:

Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta / hagfræðibraut
Afreksíþróttasvið

Iðnnám

Grunndeild bíliðna
Fyrrihlutanám í málmiðnum

Listnám:

Margmiðlunarhönnun
grafísk áhersla
Margmiðlunarhönnun
fjölmiðlatækni

Annað starfsnám:

Félagslíðabraut
Verslunarbraut

Nýtt!

Afreksíþróttasvið er fyrir nemendur sem vilja stunda íþrótt sína í knattspyrnu, körfuknattleik eða golfi með álagi afreksmanna samhliða bóknámi.

Fjórar námseiningar á önn.

Almenn námsbraut er einnig í boði fyrir þá nemendur sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir.

Við aðstoðum nemendur og forráðamenn við rafræna innritun vikuna 4.-11. júní kl. 11-16.

Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu.

Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 1701.

Sjá nánar á heimasíðu: www.bhs.is



Mikið hefur verið gert út á menningartengda ferðaþjónustu í Laufási í Eyja-firði.
MYND/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

Styrkir til menningartengdrar ferðaþjónustu

Þróunarverkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu hefur nú verið hleypt af stokkunum. Verkefnið er á vegum iðnaðarráðuneytisins en framkvæmdaaðilar eru Imprá á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Ferðamálastofa í samvinnu við ReykjavíkAkademíuna.

Verkefninu er ætlað að fjölga arðbærum vörum og eða þjónustu í menningartengdri ferðaþjónustu á landsbyggðinni og auka þekkingu á sérkennum einstakra svæða. Einkum til að búa til nýja kosti sem haft geta áhrif á ferðatilhögun eða dvalarlengd ferðamanna. En einnig að svara eftirspurn sem þegar er til staðar og hefur ekki verið sinnt hingað til. Horft er til þess annars vegar að efla þá menningartengdu ferðaþjónustu sem er fyrir hendi og hins vegar að kynna ný sóknarfæri til frekari uppbyggingar.

Æskilegt er að einhver eftirtalinna faglegra forsendna séu hluti af verkefninu, þótt listinn sé ekki tæmandi: Strandmenning, með hliðsjón af sérkennum svæða sem byggt hafa afkomu sína á sjávarnytjum. Sveitamening, sem grundvallast á sögu og menningu í dreifbýli, nytjum og svo framvegis. Heiðamenning, sem segir á sama tíma búsetusögu. Þjóðsagnaarfur. Sagnaarfur okkar, Íslendingasögur. Sambúð manns og náttúru. Nútíminn. Tónlist. Myndlist. Byggðasaga.

Þátttaka í verkefninu er opin fyrirtækjum og hópum innan þeirra, einstaklingum og einstaklingum sem óska eftir að vinna saman. Upplýsingar um umsækjendur og verkefnishugmyndir þeirra þurfa að koma fram á umsóknum. Umsóknir verða raf-rænar og aðgengilegar á vefsíðu Impru.

Verkefnið er opið til umsóknar til 30. júní 2008. Nánar á www.nmi.is.

Fyrstir til að fylgja staðli um steypumöl

Fyrirtækið Alexander Ólafsson ehf., sem rekur malarvinnslu í Vatnsskarðsnámu, hefur hlotið viðurkenningarskjal um að steinefni til steypugerðar úr námunni uppfylli kröfur evrópska steinefnastaðalsins ÍST EN 12620.

Fyrirtækið er fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta þessa vottun um efnisgæði og framleiðslueftirlit á steypumöl. Viðurkenningin hefur mikla þýðingu fyrir fyrirtækið þar sem byggingafulltrúar eru í auknum mæli að gera kröfu um að efni séu CE merkt.

„Ísland er partur af Evrópska efnahagssvæðinu og því fylgir að við þurfum að fara eftir samþykki efnahagsbandalagsins. Ýmiss konar tilskipanir eru gefnar út og þær sem koma okkur í byggingariðnaðinum við eru byggingavörutílskipunin. Hún segir að



Steypumöl úr Vatnsskarðsnámu Alexanders Ólafssonar ehf. uppfyllir nú kröfur frá evrópska steinefnastaðlinum.

þegar menn eru að byggja mannvirki, sama hvort það er á Íslandi eða Spáni, þurfi menn að nota CE-vottaðar byggingavörur,” segir

Karsten Iversen, tæknifræðingur hjá verkfræðistofunni Mannviti, sem veitti ráðgjöf við innleiðingu á framleiðslueftirlitinu. „Síðan eru staðlar gefnir út fyrir allar mögulegar byggingavörur, í þessu tilfelli steinefni, til að tryggja ákveðin lágmarksgæði og öryggi og krafa gerð um að menn noti þessar vörur alls staðar.“

Alexander Ólafsson ehf. er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem uppfyllir kröfur staðalsins, en önnur fyrirtæki munu fylgja í kjölfarið. Til að hljóta vottunina þarf fyrirtækið að koma sér upp skipulögðu gæðakerfi í samræmi við staðalinn. „Síðan þurfa vottunaraðilar að taka kerfið út, í þessu tilfelli British Standard Institute. Þeir fara þá í gegnum gæðakerfið og prófanirnar og gefa síðan út vottun um að staðallinn sé uppfylltur.“



Fyrirtækið þarf að koma sér upp skipulögðu gæðakerfi í samræmi við Evrópustaðalinn til að fá vottunina.



Hönnunar- og handverksskólinn Skapandi fagskóli

Úrval námsleiða fyrir skapandi einstaklinga.

- Fataiðn
- Klæðskurður
- Kjólasaumur
- Gull- og silfursmíði
- Keramik hönnun
- Almenn hönnun
- Stúdentspróf


Umsóknarfrestur er til 11. júní

Hönnunar- og handverksskólinn er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli, sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Hönnunar- og handverksskólinn
Tækniskólinn

Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur
Plastiðnaður

dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760



Sigurður Fannar handleikur slípirokkinn fumlaut. MYND/GKS

Kannski ég kaupi mér sög

Íbúðalánasjóður veitti nýlega níu meistaranemum í byggingariðnaði verðlaunastyrki fyrir góðan námsárangur. Einn þeirra er Sel-fyssingurinn Sigurður Fannar Sigurjónsson húsasmiður, sem lauk meistaraþrófinu frá Fjölbautaskóla Suðurlands eftir tveggja vetra kvöldnám með fullri vinnu.

„Ég átti ekki von á að vera kallaður upp. Það höfðu svo margir staðið sig vel í hópnum mínum,“ segir hann og kveðst hafa verið einn af ellefu meistaranemum í iðngreinum við skólann, þar voru fleiri húsasmiðir og svo málarar og píparar. Sigurður Fannar lauk sveinsprófi við sama skóla árið 2001 og tók þá líka við verðlaunum. Hann tekur fram að einn félagi hans, Garðar Már Garðarsson, hafi farið nákvæmlega sömu braut og hann og fengið sams konar viðurkenningar.

Nú er Sigurður Fannar að vinna við smíði timburhúsa hjá fyrirtækinu Eðalhúsum á Selfossi. Styrkurinn sem hann hlaut frá Íbúðalánasjóði nam 50.000 krónum. Hvernig hyggst hann verja þeim fjármunum? „Það er spurning um að eyða þeim í vitleysu eða kaupa sér einhver verkfæri,“ segir hann. „Kannski ég kaupi mér sög.“

Lék sér lítil með ónýta skó

Skósmíði er aldagömul iðngrein og alltaf jafn mikilvæg þó að efnahagur fólks breytist og fótubúnaðurinn með. Jónína Sigurbjörnsdóttir skósmiður fæddist svo að segja með naglbítinn í höndunum.

„Sem barn var ég alltaf meira og minna hjá pabba,“ segir Jónína, sem starfar á Skóvinnustofu Sigurbjörns Þorgeirssonar að Háaleitisbraut 68. Faðir hennar stofnaði fyrirtækið árið 1956 og hún kveðst hafa verið þar frá 1977. „Ég man eftir mér sem pínulitlu kríli að leika mér með ónýta skó og sem unglingur vann ég hér í öllum sumarfríum að undanskildum tveimur sem ég var á skrifstofu lögreglustjóra. Annars hef ég hvergi unnið nema hér,“ segir hún og kveðst mjög ánægð með starfið sitt.

En skyldu hafa orðið miklar breytingar á því gegnum tíðina? „Ekki tiltakanlega en tískan er auðvitað sýnbreytileg. Fólk gerir líka orðið auknar kröfur um afgreiðsluhraða en við höfum verið treg til að taka upp slíka þjónustu og viljum hafa tvo daga í okkar verk til að vera sátt við það sem við skilum frá okkur.“ Spurð hvort nútímafólk fari ekki bara út í búð og splæsi í nýja skó þegar þeir gömlu gefi sig svarar Jónína: „Nei, það er að minnsta kosti alltaf jafn mikið annríki hjá okkur. Við höfum opið fimm-tíu tíma á viku, erum í akkorðsvinnu allan daginn og sláum aldrei af. Með batnandi



Jónína ólst nánast upp á verkstæðinu hjá föður sínum, Sigurbirni Þorgeirssyni, sem skóvinnustofan er kennd við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

efnahag kaupir fólk sér dýrari skó og er tilbúið að leggja peninga í að halda þeim við. Meðal þess sem hefur aukist er viðgerðir á útivistarskóm eftir að fólk tók að huga að hreyfingu í meiri mæli en áður.“

Skóvinnustofa Sigurbjörns er ein þeirra sem taka að sér nema í greininni. Jónína segir son sinn hafa verið þar lærlingur en hann hafi hætt fyrir nokkrum

Jónína segir fólk nú tilbúið að leggja peninga í að halda skóm við.

mánuðum. „Við urðum að láta það eftir honum því hann langaði í einhver ævintýri erlendis. Hver veit nema hann komi aftur,“ segir hún vongóð. Hún veit um tvo aðra nema í Iðnskólannum en segir aðsókn að greininni fara minnkandi. „Nú kjósa allir að sitja einhvers staðar við fínt skrifborð og tölvu,“ segir hún og heldur áfram: „Þó finnum við að þegar aðeins harðnar á atvinnumarkaðinum er meira um að fólk spyrji hér um vinnu. Hins vegar er erfitt að ráða inn nýtt starfsfólk því það tekur hálf tveggja ára þjálfun að þjálfa það upp þannig að það skili einhverju. Þetta er svo vandasöm vinna. Við ráðum ekki sumarstarfsfólk og verðum

að loka í fáeinir vikur til að geta tekið okkur frí.“

Tækjakosturinn kringum Jónínu er hollenskur. Hún segir hann lítið hafa breyst frá því hún byrjaði því tölvutæknin hafi nánast farið hjá garði í þessari iðngrein. „Verkefni eru svo fjölbreytileg að forritin ná ekki yfir þau,“ segir hún. „Þetta er bara handavinna og það er nákvæmnin sem gildir.“ Í lokin er hún spurð um algengustu viðfangsefni og svarið er: „Mest er um að skipt sé um hællplötur en svo eru saumsprettur, sólningar og lausir hælar. Við gerum líka við töskur og allt mögulegt. Höfum meira að segja búið til púða undir mótur í togara!“



Nútíma nám

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er nýr framsækinn framhaldsskóli, sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík. Tækniskólinn býður upp á öflugt nám til stúdentsprófs þar sem fjölbreytt úrval tækni- og iðnmenntunar er einnig í boði. Innan skólans eru ellefu skólar, hver með sitt sérsvið, sem mynda saman einn öflugasta framhaldsskóla landsins.

Umsóknarfrestur er til 11. júní

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



KRAFTVÉLALEIGAN

- ÚRVAL VINNUVÉLA TIL STÓRRA OG SMÁRRA VERKA

Kraftvélaeigan býður úrval vinnuvéla til leigu fyrir allt frá húsgrunnum til virkjana og jarðganga.

Leiga vinnuvéla:

- er oft mun hagstæðari en kaup, bæði í smærri verk og stærrí
- hefur marga kosti umfram kaup, t.d. lægri fjármagnskostnað og minni viðhaldskostnað

Kraftvélaeigan býður úrval vinnuvéla til leigu:

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjóla- og traktorsgröfur
- Liðstýrðir truckar
- Skotbómulyftarar
- Beltavagnar
- Valtarar og fl.

Mögulegt er að leigja tækin en kaupa þau síðar og gengur þá hluti leiguverðs upp í kaupin.

Vertu í sambandi við sölumann!

KRAFTVÉLALEIGAN

LEIGA/SALA • Lækjarmel 1 • sigurdur@kraftvelar.is • 535 3570 / 535 3571

www.kraftvelaleigan.is

AFMÆLISPAKKI FYLGIR
ÍSLENSKT FORTJALD
SÓLARSELLA MEÐ ÍSETNINGU
GASGRILL

PALOMINO FELLIHÝSI



Frábær tilboð

Landsins mesta úrval ferðavagna



SEGLAGERÐIN ÆGIR

1913 - 2008



OPNUNARTÍMI:

MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 10.00 - 18.00
LAUGARDAG 12.00 - 16.00
SUNNUDAG 12.00 - 16.00

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Styrkir til iðnnáms á Norðurlöndum

Menntamálaráðuneyti Danmerkur og Noregs veita á námsárinu 2008 til 2009 nokkra styrki handa Íslendingum til náms við fræðslustofnanir í þessum löndum. Styrkirnir eru einkum ætlaðir til fram-



Menntamálaráðuneyti Danmerkur og Noregs veita á námsárinu 2008 til 2009 nokkra styrki handa Íslendingum til náms í þessum löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

haldsnáms eftir iðnskóla-próf eða hliðstæða menntun, til undirbúnings kennslu í iðnskólum eða framhaldsnáms iðnskólakennara, svo og ýmiss konar starfsmenntun sem ekki er unnt að afla á Íslandi.

Fjárhæð styrks í Danmörku er 21.000 danskar krónur og í Noregi 20.000 norskar krónur. Einnig er gert ráð fyrir að sams konar styrkir verði í boði til náms í Svíþjóð á árinu 2009. Umsóknir um styrkina, ásamt staðfestum afritum prófskrirteina og meðmælum, skulu sendar menntamálaráðuneyti, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir 16. júní 2008. Sérstök umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu og á vef ráðuneytisins: www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menntamal/nr/3133

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu. -rh

Mentor samanstendur af öflugum hópi fólks. Á myndinni sjást Vaka Óttarsdóttir markaðsstjóri, Vilborg Einarsdóttir forstjóri og Auðunn Ragnars-son þróunarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA



Starfsemi í fimm löndum

Upplýsingakerfið mentor.is er í örum vexti. Um 600 sænskir skólar verða komnir með kerfið í lok ársins og samstarfssamningar eru við skóla í þremur öðrum löndum.

„Við erum að þjónusta 420 skóla í Svíþjóð, og 150 til 200 skólar munu bætast við á þessu ári,“ segir Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, sem hlaut verðlaunin Vaxtarsprotann í síðasta mánuði. Samtök iðnaðarins standa fyrir verðlaununum sem veitt eru árangursríkum og ört vaxandi sprotafyrirtækjum.

Fyrirtækið Mentor hannar og þróar upplýsingakerfið mentor.is fyrir skólasamfélagið, einkum leik- og grunnskóla. „Kerfið heldur utan um og skipuleggur starf í skólum út frá nemendum. Það býður upp á betri einstaklings-


miðaðar námsáætlanir, skráningu ástundunar og einkunna, stunda-tölur og stöðumat svo eitthvað sé nefnt. Kennarar og skólastjórnendur hafa aðgang að kerfinu sem og nemendur og foreldrar. Styrkur okkar er sérstaklega í foreldrasamskiptum, því kerfið einfaldar allt upplýsingaflæði til foreldra sem sparar vinnu fyrir kennarana.“

Kerfið er skrifað og þróað hér á landi en starfsemi er að verða álíka stór í Svíþjóð og á Íslandi. Vilborg segir að 97 prósent grunnskóla hérlandis noti mentor.is en í lok árs má áætla að um 620 sænskir skólar verði með sama kerfi. „Eitt af okkar forskotum er hátt tæknistig á Íslandi. Tölvur eru í flestum stofum hérlandis, aðgengi að netinu á heimilum og í skólum er mikið og tækniþekking kennara mikil. Staðan í Svíþjóð er ekki jafn góð en smám saman eru

þeir samt að innleiða kerfið.“

Svíþjóð er ekki eina erlenda landið þar sem kerfið er í notkun. Verið er að prófa það í skólum í Danmörku og Finnlandi ásamt einkaskóla á Englandi. „Mikil þörf er á svona kerfi á Englandi en þar eru þung og flókin kerfi á markaðinum sem fremur eru hugsuð fyrir skrifstofur. Við erum hins vegar að bjóða upp á einfalt og notendavænt upplýsingakerfi sem miðar að þörfum kennara,“ segir Vilborg og bætir við að prófa verði kerfið á einum skóla á tilteknum stað til að hægt sé að halda áfram. „Maður þarf að gera yfirvöld í einum skóla ánægð til að geta sýnt öðrum skólum hvernig kerfið virkar. Þetta er ekki endilega spurning um fjármagn heldur lærdómsferli og tíma. En við vitum af þessari þörf og sjáum mikla markaðsmögu-leika þar með tímanum.“ -mjb

Vinnulyftur ehf. • Smiðsúð 12 • 210 Garðabæ
Sími: 544 8444 • Fax: 544 8440 • www.vinnulyftur.is



mentor



Byggingartækniskólinn er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækin framhaldsskóli, sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Byggingartækniskólinn Sterkur grunnur

Byggingartækniskólinn býður upp á öflugt iðnnám í takt við þarfir atvinnulífsins.

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Málaraíðn
- Múrsmíði
- Veggfóðrun og dúkalagnir
- Tækniteiknun
- Stúdentspróf

Umsóknarfrestur er til 11. júní

Byggingartækniskólinn
Tækniskólinn





Safnaðu
40 stigum
og þú færð
hlaupahjól frá Góu
**á meðan birgdir endast*

Afsmælisleikun

1
stig

2
stig

Safnaðu saman strikamerkjum
varanna og komdu með þau til
Góu, Gardahrauni 2, og þú færð
nýtt Góu hlaupahjól.

Gefum
40000
hlaupahjól



Uppskrift að árangri



Þegar saman fara skýr stefnumið, gott starfsfólk og metnaður til að gera vel, aukast líkur á að tilætluðum árangri verði náð.

Þannig er árangur í rekstri ekki tilviljun, heldur afleiðing markvissra starfshátta. Norðurál hefur náð settum markmiðum með góðum vinnubrögðum og samvinnu starfsfólks sem lætur verkin tala.

Hjá Norðuráli á Grundartanga starfa nú á fimmta hundrað manns að fjölþættum verkefnum. Framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu væntanlegs álvers í Helguvík þar sem enn mun bætast við valinn hóp vaskra starfsmanna.

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is



Fyrstu sundtök æskunnar

Sundnámskeið barna eru sýnsæl á sumrin og tilhlökkun í litlum kroppum að hefja daginn í frískandi vatni.

„Við byrjum á að kenna börnum að setja andlit í kaf og blása frá sér, því mikilvægt er að börn upplifi sig örugg í vatni. Í fyrstu eru mörg þeirra vatnshrædd og kunna ekki tókin á lífinu í sundlauginni, en kennarar eru með þeim ofan í lauginni og aðstoða þau alla leið,“ segir Krístrún Gústafsdóttir sundkennari hjá Sundfélaginu Ægi, sem í sumar verður með tveggja vikna sundnámskeið fyrir börn frá fimm ára í Breiðholtslaug, og sund- og leikjanámskeið í samvinnu við ÍR í Ölduselslaug, fyrir börn fædd 1999-2002.

„Við byrjum alltaf á kennslu í bak- og skrifsundi, því bringusund krefst of mikillar samhæfingar fyrir yngstu börnin. Börn græða mikið á því að sækja sundnámskeið áður en skólaganga hefst og verða oft mjög klár á eftir. Á sundnámskeiðum notum við ekki kúta því námið fer fram í grunn- og laugum þar sem börn ná til botns. Reynslan sýnir að kútar valda börnum öryggisleysi þegar þeir eru teknir af seinna, en almennt eru þau ótrúlega fljót að ná sundtökunum,“ segir Krístrún og bætir við að algengt sé að börn fari á tvö til þrjú námskeið í röð.

„Hópar eru litlir og miðaðir við aldur og getu sundfólksins, en námið er orkumikil skemmtun fyrir ósynda, synda og vel synda,



Hér má sjá Krístrúna í sundkennslu barna í Sundhöll Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

undir faglegri stjórn reyndra sundkennara. Í Breiðholtslaug er hver kennslustund hálf tími alla virka daga, en á sund- og leikjanámskeiðinu byrjar dagurinn á sundferð og svo er farið í ýmsa útileiki, Fjölskyldu- og húsdýrargarðinn, gerðar tilraunir og margt fleira. Með því öllu stuðlum við að fjölbreyttri hreyfingu og skemmtilegri upplifun fyrir börn,“ segir Krístrún, sem nýtur starfsins.

„Það er stórkostleg upplifun að kenna börnum að synda, sjá gleði þeirra og framfarir í lauginni. Ég gæti ekki hugsað mér ánægjulegra sumarstarf.“

Fyrstu sumarnámskeið Ægis og ÍR hefjast 9. júní. Skráning og nánari upplýsingar eru í síma 820 3156.

thordis@frettabladid.is



Krístrún Gústafsdóttir sundþjálfari hjá Ægi mun kenna börnum sund frá fimm ára aldri á sundnámskeiðum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

Ungbarna andlitskrem - Verndar húðna gegn óeskelegum áhrifum umhverfis og úrjólublaum geislum. Sólvarörn SPF 18, vitamin A&E.
Bossakrem - Mýkir og verndar bleysuvæði gegn ertingu, útrösum og þurrki. Byr til verndandi lag á húðina. A&B5 vitamin. Mjög gott á bruna.
Bossablautklútar - Handþægir klútar í ferðapökkningu. Húðlaknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trejum. Alkohól- og lítefnalausr. Þh gildi 5,5.
Ungbarna baðsápa - Sérlega mild og rakagæfandi kremstípa "sápalus". Innih. A&E vitamin.
Ungbarna sjampo - Milt sjampo (tearless). Hefur góðan ilm og getur háði silkinjúk.
Ungbarna húðmjólk - Mild og rakagæfandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vitamin. Þh gildi 5,5.
Ungbarna olía - Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vitamin.



Fæst í apótekum um land allt



Tilboðsdagar

Bæjarlind 12 :: Kópavogi :: Sími 554-5410

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is

Vantar fólk í garðhreinun og slátt. Bilpróf æskilegt en ekki skilyrði. Umsóknir á gardlist@gardlist.is

Stýrimann og Vélavörð
Stýrimann, vélavörð og 2 háseta vana netaveiðum vantar strax á n/b Mörtu Agústsdóttir til netaveiða frá grindavík. Stopp frá 20.júlí-15.sept. Uppl. í s. 426 8286 & 894 2013.

Vélamann vantar í vaktavinnu á Akureyri. Upplýsingar í s. 898 8040. Jón Þór.

Dvalarheimili óskar eftir áreiðanlegum starfskrafti. Vinnutími getur verið samkomulag. Staðsetning í Skipholti. upplýsingar s. 5621671

Mig vantar meiraprófsbílstjóra til starfa strax. Uppl. í s. 894 2901.

Bar / skemmtistaður
Óskar eftir dyravörðum og barþjónum í aukavinnu. Áhugasamir hafi samband í síma 697 8333 & 848 4924 e. kl. 12.

Lagerstarf
Hýsing-vöruhótel, Skútuvogi 9, leitar að rösku og áreiðanlegu fólki til starfa við vörumerkingar og meðhöndlun á sér-vöru. Vinnutími 8-16.30. Í boði er bæði sumar- og framtíðarstarf. Nánari upplýsingar og umsóknarblöð á staðnum.

Starfsmaður óskast í steinsteypu sögun. Uppl. í s. 892 3710.

Iðnaðarmenn ehf.
Vantar smíði, smíðanema, og verkamenn. Uppl. í s. 661 5050 eða imenn@imenn.is

Atvinna óskast
Tveir góðir smíðir á lausu, út sumarið, í leit af verkefnum. S. 861 3922 & 848 1167.

Ungur námsmaður óskar eftir herbergi. S. 845 4890.

Mjög hraust og dugleg 27 ára kvk, óskar eftir góðri og vel launaðri vinnu. Flest allt kemur til greina. 899 6362 Júlía.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR	
Stefnumót	
905-2000 (símatorg)	
535-9920 (kreditkort)	
535-9923 (frtt, karlar)	
555-4321 (frtt, konur)	
Spjall	
904-5454 (símatorg, karlar)	
535-9940 (kreditkort, karlar)	
555-4321 (frtt, konur)	
Gay spjall	
535-9988 (kreditkort)	
Sögur	
905-2002 (símatorg)	
535-9930 (kreditkort)	
Spjalldómar	
908-6000 (símatorg)	
535-9999 (kreditkort)	



Bílstjórar / Dælustjórar

Óskum eftir vönum dælustjórum og steypubílastjórum til starfa við steypustöð fyrirtækisins. Upplýsingar gefur Knut Ödegaard: 660 8484 / knut@evborg.is

Húsasmiðir / Múrarar

Óskum eftir að ráða fagmenn til starfa í byggingadeild fyrirtækisins. Reynsla af vinnu við reisingar einingahúsa er æskileg. Einnig vantar vana byggingaverkamenn í deildina. Áhugasamir hafi samband við Arnar Ólafsson: 664 8696 / arnar@evborg.is

BORG er traust og öflugt framleiðslufyrirtæki í örur vexti. Spennandi verkefni framundan – góður starfsandi.



Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777
Fax: 414-7779 · borg@evborg.is · www.evborg.is

THEATER MOGUL

Framkvæmdastjóri

Auglýst eftir framkvæmdastjóra fyrir alþjóðlegt fyrirtæki í leikhúsböndum. Leikhúsmögullinn ehf. á sýningarréttinn að leikritinu Hellið (Defending the Caveman) eftir Rob Becker. Sýningarrétturinn er um heim allan og er fyrirtækið í samstarfi við framleiðendur í 33 löndum í Evrópu, Bandaríkjunum, Suður-Ameríku, Kanada, Afríku, Ástralíu og Asíu. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af framleiðslu tengdri hugverkaréttindum (heist leiklist, tónlist eða kvikmyndir) eða atburðastjórnun (event management). Umsækjandi þarf einnig að hafa umtalsverða reynslu af rekstri fyrirtækja og starfsmannahaldi. Mjög góð enskukunnáttá nauðsynleg. Áhugasamir sendi umsókn fyrir 10. júní nk. til formanns stjórnar félagsins, Ástu Þórarinsdóttur á netfangið asta@eva.is.

Chief Executive Officer
For an International Theater Production Company, The Theater Mogul. The company has the worldwide rights to the play Defending the Caveman by Rob Becker - „longest running solo-show on Broadway“. The company has partners located in Europe, USA, South-America, Canada, Africa, Australia and Asia. Candidates should have experience either in productions based on Intellectual Property (preferably theater, music or movies) or event management. Extensive management and administrative experience needed. Apply by e-mail to the chairman of the board, Ásta Þórarinsdóttir, asta@eva.is before June 10th 2008.

www.theatermogul.com

JB skipulagnir ehf.

Óskum eftir vönum pípurum

Hafið samband í s. 860 8089, Bergur.

TILKYNNINGAR



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýjum og breyttum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Suðurlandsvegur, settjörn

Tillaga að deiliskipulagi fyrir settjörn við Suðurlandsveg. Tjörnin afmarkast af Suðurlandsvegi til norðurs, graslendi að sunnan sem liggur niður að Suðará og Hrauntúnstjörn, að austan eru bæirnir Ártún og Hólmur og nokkru vestar eru Rauðhólar. Að mati Orkuveitu Reykjavíkur er settjörn við Suðurlandsveg besti kosturinn til að taka við ofanvatni frá athafnasvæði á Hólmsheiði. Stærð settjarnar getur orðið að hámarki tuttugu þúsund m² þegar athafnasvæði er fullbyggt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gylfahlöt, atvinnulóðir

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Gylfahlöt í Grafarvogi. Í breytingunni felst að atvinnulóðum, sem hafði verið úthlutað til ípróttafélags með tilheyrandi landnotkunarbreytingu, er breytt aftur í almennt atvinnusvæði, fjórar lóðir, í samræmi við upprunalegt deiliskipulag með síðari breytingum varðandi lóðarstærðir og úthlutunarskilmála. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gerðuberg/Hólaberg

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðholt 3, vegna húsanna Gerðuberg 3-5 og 7 ásamt Hólabergi 84 bílastæðalóð, lóð gæsluvallar og fleira. Lóð Gerðubergs 3-5 stækkar til austurs og suðurs en aðrar lóðir á skipulagssvæðinu verða sameinaðar í nýja lóð að Hólabergi 84. Heimilt verður að byggja allt að 49 þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara auk þjónusturýmis innan afmarkaðra byggingarreita á lóðinni Hólaberg 84 og bílageymslu í kjallara. Á lóðinni Gerðuberg 3-5 verður heimilt að byggja allt að þriggja hæða tengi- og inngangsbyggingu milli íbúðarhússins og Menningarmiðstöðvar. Á suðurlhuta svæðisins er gert ráð fyrir almenningsgarði í eigu Reykjavíkurborgar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 4. júní 2007 til og með 16. júlí 2008. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 16. júlí 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 4. júní 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

FASTEIGNIR

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

HOLTSGATA - HF.

Höfum fengið í einkasölu þetta glæsilega einbýlishús. Húsið er alls um 240 fm með bílskúr. Mikið endurnýjuð og endurbýggð eign á vandaðan máta þannig að gamli sjarminn hefur fengið að halda sér. Eignin er mjög vel staðsett í skjóli gamla bæjarins. Sjá myndir á mbl.is. Hús með sögu. **Verð 52 millj.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

Fasteignablaðið

Sími:

512 5469

.....

694 4103

Ruth Bergs
ruth@369.is

EIGNAMIÐLUN

sala fasteigna í 50 ár

Sími: 588 9090

Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095

Sverrir Kristjánsson löggiltur fasteignasali

ÞINGHOLTSSTRÆTI 30, 3. HÆÐ - ÚTSÝNI

Opíð hús í dag

Mjög glæsileg 99,2 fm íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi með miklu útsýni yfir Reykjavíkurtjörn og miðborgina. Íbúðin er mikið uppgerð. **Verð 31,9 millj.**
ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG MÍÐVIKUDAG FRÁ KL. 17.00-18.00.

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Garðabær. Breiðás - Gbæ.m/bílskúr Laus strax

Nýkomin í einkasölu mjög góð neðri sérhæð í tvíbýli með bílskúr, samtals ca.140 fm. Stórar stofur, rúmgott endurnýjað eldhús, parket, verönd í garði. **Verð 32 millj.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

DR. RUTH WESTHEIMER KYNLÍFSFRÆÐINGUR ER 80 ÁRA.

„Talandi um kynlíf daginn út og inn hefur gert mig að betri skíðakonu. Enda er ég alltaf að tala um hreyfingu, að líta vel út og að taka áhættu.“

Dr. Ruth er einn frægasti kynlífsfræðingur í heimi; hún hefur sent frá sér fjölda bóka og komið fram á ótal fyrirlesturum í útvarpi og sjónvarpi.



PETTA GERÐIST: 4. JÚNÍ 1919

Konur fá að kjósa í Bandaríkjunum

Pennan dag árið 1919 var lögð fram stjórnarskrár-breyting í Bandaríkjunum og nítjándra grein hennar leit dagsins ljós. Hún kemur í veg fyrir að fólk sé neitað um kosningarétt vegna kynferðis, og veitir þar af leiðandi konum kosningarétt. Tillagan var staðfest hinn 18. ágúst árið 1920.

Nítjándra greinin var af-rakstur langvarandi og ótullar kvenréttindabaráttu á þessum tíma. Þar má nefna hóp sem nefndi sig „The Silent Sentinels“ og hóf átján mánaða mótmæli árið 1917 fyrir framan Hvíta húsið



til að vekja athygli á baráttunni fyrir kosningarétti kvenna.

Í kjölfarið lýsti þáverandi forseti, Woodrow Wilson, yfir stuðningi við baráttuna og tillöguna, sem þó mátti bíða þess að vera tekin til umfjöllunar í þinginu og var felld í fyrstu tilraun. Í kjölfarið hvöttu frelsissamtök kvenna almenning til að sniðganga þá sem felldu tillöguna í næstu kosningum. Við næstu tilraun fékk tillagan stuðning með 304 atkvæðum fylgjandi henni

og 89 á móti. Greinin var síðan samþykkt árið síðar.

MERKISATBURÐIR

- 780 f.Kr. Fyrsti sólmyrkvi sögunnar skráður í Kína.
- 1896 Henry Ford prufukeyrir fyrsta bílinn sem hann hannaði, einnig fyrsti bíllinn sem hann keyrði.
- 1917 Pulitzer-verðlaunin eru afhent í fyrsta sinn.
- 1926 Robert Earl Hughes setur met sem þyngsti maður heims.
- 1944 Hornsteinn lagður að Stýrimannaskólanum í Reykjavík.
- 1959 Sjálfbjörg, landssamband fatlaðra, stofnuð.
- 1970 Tonga hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.
- 1989 Aðgerðir kínverskra stjórnvalda til að brjóta á bak aftur mótmæli á Torgi hins himneska friðar enda með blóðbaði.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



60 ára afmæli

Sjöfn Inga Kristinsdóttir og **Helgi Guðmundsson**

Í tilefni af sextugsafmælum okkar beggja viljum við hjóða ættingjum og vinum til fagnaðar

að Hólmakoti þann 14. júní nk. Góð aðstaða fyrir tjöld og tjaldvagna. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 437 1847 fyrir 10. júní.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Emil Ragnarsson
skípaverkfræðingur, Seiðakvísl 29, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 30. maí. Hann verður jarðsunninn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 5. júní kl. 13.00.

Birna Bergsdóttir

Kristín Emilsdóttir	Helgi G. Björnsson
Sólveig Berg Emilsdóttir	Guðmundur Árnason
Ragnar Þór Emilsson	Hildur Hrólfsdóttir
Bergur Már Emilsson	Helena Hilmarsdóttir
Eva María Emilsdóttir	Karl West Karlsson
	og barnabörn
Gunnlaug Hanna Ragnarsdóttir	
Brynja Ragnarsdóttir	
Ragna Kristín Ragnarsdóttir	



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Matthildur Guðbrandsdóttir

frá Hólmavík, Hrafnistu, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 22. maí, verður jarðsunninn frá Breiðholtskirkju fimmtudaginn 5. júní kl. 11.00.

Benedikt Þorvaldsson	Guðlaug Þorkelsdóttir
Guðbrandur Benediktsson	Sigurlaug Gísladóttir
Þorvaldur Helgi Benediktsson	Sigrún Sigurðardóttir
Birgir Benediktsson	
Sigrún Benediktsdóttir	
Steinþór Benediktsson	Hildur Guðbjörnsdóttir
og barnabörn.	



Elskuleg eiginkona, móðir, amma og langamma,

Kristín Katarínusdóttir

Lagarási 17, Egilsstöðum,

lést á Sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 23. maí. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Gestur Guðmundsson
Gestur Valgeir Gestsson
barnabörn og barnabarnabörn.



KISTURNAR OPNAST Lilja Árnadóttir, fagstjóri munasafns Þjóðminjasafns Íslands, vinnur nú að uppsetningu sýningarinnar „Yfir hafið og heim“.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS: TEKUR VIÐ ÍSLENSKUM FORNGRIPUM FRÁ SVÍUM

Yfir hafið og aftur heim á ný

Þjóðminjasafnið vinnur nú hörðum höndum að uppsetningu á sýningunni „Yfir hafið og heim“ sem verður opnuð við formlega viðhöfn annað kvöld. Gripirnir sem sýndir verða eru íslenskir forngríp frá nítjándu öld sem nýlega komu yfir hafið frá Svíþjóð.

„Norræna safnið í Stokkhólmi var með þessa muni í sinni vörslu þar til nýlega, þegar ákveðið var að afhenda Þjóðminjasafninu gripina. Þeir eru enn í eigu safnsins í Stokkhólmi, en hins vegar fáum við þá í varanlega vörslu og af því tilefni verða þeir sýndir almenningi,“ segir Lilja Árnadóttir, fagstjóri munasafns við Þjóðminjasafn Íslands.

Safnið í Svíþjóð var stofnað árið 1871 og frá upphafi var rík áhersla á að ná inn heimildum og gripum frá Norðurlöndunum að sögn Lilju sem segir forsvarsmann þessa safns hafa unnið mikið brautryðjandastarf. „Arthur Hasselius sem stofnaði safnið var merkur brautryðjandi í safnamálum á Norðurlöndunum. Hann safnaði gripum frá venjulegu fólki og ekki bara listaverkum eða furðugripum eins og algengt var á þessum tíma og lagði áherslu á allt þetta norræna menningararsvæði.“



Meðal gripa sem verða til sýnis á „Yfir hafið og heim“ er lok af Trafaðskju frá 17.öld.

Þessi sænski hugsjónamaður hafði samstarfsmenn víða á þessu svæði og bæði keypti og fékk gefins gripum sem fóru á safnið. „Þessir munir eru að mestu sambærilegir við það sem til er hérlandis, en það sem er sérstakt við þá er að þeim hefur verið safnað á svæðum á borð við Vesturland,

en þaðan hafa færri hlutir varðveist frá þessum tíma,“ útskýrir Lilja, sem segir þó að aðeins sé rétt búið að opna ferðakisturnar.

„Gripirnir sem komu eru mikið útskornir húsmunir, litlir kistlar, textíl á borð við búninga og ábreiður ásamt skarti sem tilheyrir íslensku kvenbúningunum,“ segir Lilja og bætir við að mikið af gripunum komi úr safni Helga Sigurðarsonar, prests úr Melasveit. „Helgi var merkur maður sem safnaði forngrípum af mikilli natni og safnið hans var meðal þess sem selt var til Stokkhólms á sínum tíma. Þeir gripir eru vel merktir og þar eru góðar upplýsingar um uppruna þeirra. Enda var Helgi mjög vandvirkur maður,“ segir Lilja sem segir einnig að enn eigi eftir að rannsaka gripina betur. Lilja segir einnig að ekkert drama ríki í kringum þessa gripi sem Svíar séu nú að færa okkur á borð við handritin, enda hafi Arthur Hasselius á sínum tíma verið í samstarfi við forsvarsmenn Þjóðminjasafns Íslands sem stofnað var 1863.

Sýningin stendur frá 6. júní til 31. janúar á næsta ári, en 6. júní er einmitt þjóðhátíðardagur Svía.

rh@frettabladid.is

Legsteinar í miklu úrvali



Steinsmiðja

- Viðarhöfða 1
- 110 Reykjavík
- ☎ 566 7878
- Netfang: rein@rein.is

REIN



Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



MKLAR Breytingar Undanfarið hafa staðið yfir endurbætur á Hrafnistu. Á sjömannadaginn fór síðan fram endurvígsla við hátíðlega athöfn.

Endurvígsla Hrafnistu

Hrafnista í Reykjavík var endurvígð á sjömannadaginn 1. júní eftir miklar endurbætur. Það var Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, sem flutti blessunarorð við vígsluna. Nýju húsakynnin voru formlega tekin í notkun þegar Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra,

klipptu á borða við vígsluna. Markmið með breytingunum er að sögn forvígismanna Hrafnistu að koma til móts við vaxandi kröfur nútímans um aðbúnað í þjónustu og umönnun aldræðra. Heimilisfólkinu líkar að sögn afar vel við breytingarnar og er það málanna að skemmtilegt andrúmsloft svífi yfir vötnum í nýju húsakynnum.



SAGAN LIFNAR VIÐ Thorlacius-feðgarnir í norska húsinu í Stykkishólmi voru miklir þjóðernissinnar og flögguðu fálkafánanum árið 1874.

Sumaropnun í Norska húsinu

Í Stykkishólmi hefur norska húsið hafið sumarstarfs sitt. Það hófst formlega í lok maí með því að Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, dró að húni endurgerð af fálkafána Sigurðar Guðmundssonar málara. Norska húsið er forsmíðað norskt hús, reist árið 1832 af Árna Thorlacius kaupmanni og útgerðarmanni í Stykkishólmi en er nú eigu Bygðasafns Snæfellinga og Hnappdæla. Á miðhæðinni hefur verið sett upp heimili Árna og Önnu Thorlacius „Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld“ en á jarðhæð eru sýningar-salir og Krambúð þar sem hægt er að fá vandað handverk, listmuni, minjagrip, póstkort, bækur og gamaldags nammi, gamalt leirtau og fleiri forvitnilegar vörur. Í risinu er síðan opin safngeymsla þar sem safngestir geta glöggvað sig á hinum miklu viðum sem húsið er byggt úr og upplifað stemmingu liðins tíma á annan hátt en á neðri hæðunum. Árni Thorlacius og synir hans í Norska húsinu létu gera fálkafána árið 1874 eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar málara og var honum flaggjað á þjóðhátíðinni það ár sem óppiberum þjóðfána Ísland-

inga. Um þennan atburð segir Oscar Clausen meðal annars í Sögum og sögunum af Snæfellsnesi: „Þeir Thorlaciusar-feðgar voru þjóðræknir menn og sjálfstæðissinnaðir, enda miklir vinir Jóns forseta og honum handgengnir. Þeir létu þjóðhátíðarárið gjöra sérstakt flagg fyrir Ísland, fálkaflaggið, og flögguðu með því í fyrsta skipti á hátíðinni í Stykkishólmi. – Þetta flagg var svo viðurkennt skjaldarmerki Íslands, þangað til núverandi flagg fékkst.“ Nú hefur fengist leyfi til að endurgera fánann sem blakir við hún fyrir utan húsið. Við opnun sumarstarfsins verða opnaðar tvær bláar sýningar í Norska húsinu. Í Mjólkurstofunni er samsýningin „Í bláum skugga“. Þar sýna listamenn sem tengdir eru Stykkishólmi á einn eða annan hátt, blá verk. Í Eldhúsinu opnar sýningin „Eitt sumar í Hólminum bláa“ þar sem sýndir verða bláir hlutir sem til eru í eigu safnsins og eins hlutir sem fengnir hafa verið að láni hjá Hólmurum. Sýningin í Eldhúsi stendur yfir í allt sumar en sýningin í Mjólkurstofu til 1. júlí næstkomandi. Norska húsið er opið daglega í sumar kl. 11.-17.

AFMÆLI



ANGELINA JOLIE kvikmyndaleikkona er 33 ára.



RÓBERT DOUGLAS kvikmyndaleikstjóri er 35 ára.



BERGLIND ÓLAFS-DÓTTIR leikkona er 31 árs.



NOAH WYLE leikari er 37 ára.

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðlaugur Guðjónsson
frá Oddstöðum, Vestmannaeyjum,

lést mánudaginn 2. júní á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 14. júní kl. 14.00.

Inga Hrönn Guðlaugsdóttir	Birkir Agnarsson
Guðrún Guðlaugsdóttir	Henry Henriksen
Sigríður Guðlaugsdóttir	Sigurgeir Þór Sigurðsson
Guðjón Guðlaugsson	Helga K. Sveinbjörnsdóttir

afa- og langafabörn.

+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýju við andlát ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Erlu Pálsdóttur
Kjarrheiði 1, Hveragerði.

Guð veri með ykkur öllum.

Hörður Hjartarson	Yuankam Harðarson
Helgi Harðarson	G. Svava Guðmundsdóttir
Hjörtur Lárus Harðarson	Þórður Rúnar Þórmundsson
Ingibjörg Pála Harðardóttir	Frank Þór Franksson
Lilja Hafðís Harðardóttir	

barnabörn og barnabarnabörn.

+

Jóna Birta Óskarsdóttir
frá Háabæ Pykkvabæ,
Stangarholti 5, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 1. júní.

Gísli Jónsson	Ísólfur Gylfi Pálmason
Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir	Bryndís Hulda Guðmundsdóttir
Sigurður Hreinsson	
Ragnheiður Gísladóttir	Guðbrandur Örn Arnarson
Björk Gísladóttir	

og barnabörn.

+

Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn P. Michelsen
Skólalbraut, Seltjarnarnesi,

verður jarðsönginn frá Seltjarnarkirkju föstudaginn 6. júní kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonssamtökin á Íslandi.

Margrét Þorgeirsdóttir	Jóhanna Sigurjónsdóttir
Karl G. Kristinnsson	Magnús Sigurðsson
Kristín B.K. Michelsen	Björn St. Bergmann
Sólveig H. Kristinsdóttir	Gestur Helgason
Anna Karen Kristinsdóttir	

afa og langafabörn.

+

Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Sigurður Þórðarson
tannlæknir,

lést á líknardeild LSH 31. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 6. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Kristín S. Karlsdóttir	Hörður Harðarson
Guðrún Hrunn Sigurðardóttir	Guðrún Dögg Jóhannsdóttir
Arnar Þór Sigurðsson	Auður Ýrr Þorláksdóttir
Andri Vilhjálmur Sigurðsson	
Gunnar Már Sigurðsson	Gunnar Halldór Sigurjónsson
Guðrún Anna Pálsdóttir	

og barnabörn.

+

Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Alexander Stefánsson
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra frá Ólafsvík, Lækjarsmára 4, Kópavogi,

er lést miðvikudaginn 28. maí á Hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsönginn frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 6. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Ólafsvíkurkirkju.

Björg Hólmfríður Finnbogadóttir	Sigríður M. Halldórsdóttir
Finnbogi H. Alexandersson	Marínó H. Sveinsson
Svanhildur Alexandersdóttir	Laila Michaelsdóttir
Stefán Alexandersson	Þórður Ólafsson
Lára Alda Alexandersdóttir	Aðalheiður St. Eiríksdóttir
Örn Alexandersson	Elfa Ármannsdóttir Eydal
Atli Alexandersson	

barnabörn og barnabarnabörn.

+

Hjartkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Hanna Ragnarsdóttir
Sóltúni 11, Reykjavík,

sem lést 28. maí á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 5. júní kl. 15.00.

Guðmundur Einarsson	Vignir Einar Thoroddsen
Kristín Guðmundsdóttir	Þórarinn V. Þórarinnsson
Ásdís Guðmundsdóttir	Hrönn Stefánsdóttir
Árni Guðmundsson	

og barnabörn.

+

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, amma og langamma,

Aðalheiður Rósa Emilsdóttir
Hæðarbyggð 16, Garðabæ,

andaðist 1. júní. Útförin fer fram fimmtudaginn 5. júní kl. 15.00 frá Vídalínskirkju, Garðabæ.

Baldvin Magnússon	Guðrún Ágústa Brandsdóttir
Magnús Baldvinsson	Raphael Wechsler
Björt Baldvinsdóttir	Árni Gunnarsson
Hrunn Óskarsdóttir	Stúart Hjaltalín
Drífa Óskarsdóttir	

Ágústa Kristín Árnadóttir, barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

STUÐ MILLI STRÍÐA: Ódýrasta líkamsrækt í heimi

FREYR GÍGJA GUNNARSSON TELUR AFA SINN VERA LÍKAMSÆKTARFRÖMUÐ



Líkamsrækt, líkaminn hefur heltekið þjóðina. Dýrkun á líkamlegu atgervi á landinu má líkja við upphafi Ólympíuleikana hjá Grikkjum. Fáklaedd spriklar þjóðin nú inni í Ólympíu-fjöllum

landsins; World Class og hvað þetta heitir nú allt saman. Allt miðar að því að upphafa líkamann enda hefur hinni fornu speki verið haldið á lofti að heilbrigði sál býr í hraustum líkama. Sá sem er feitur hlýtur að vera afskaplega óhamingjusamur.

Fyrir þetta borgar almúginn morðfjár því enginn er maður með mönnum nema hann greiði

tugþúsundir í spandex-galla, Nike-skó og drykkjarbrúsa með orku-drykkjum á ári hverju. Ekki þýðir að vera „hallærislegur“ í ræktinni, í notuðum skóm, gömlum íþróttabuxum og frekar lummó Liverpool-búningi. Nema hann sé náttúrlega keyptur á Anfield og merktur eftirlætisleikmanninum. Þá er hægt að monta sig af pílgrímsferðinni í lúxusklefanum eða gufunni.

Þjóðinni þykir líka fátt jafn gott og að gúffa í sig grænmetisréttum. Ekkert rautt kjöt, engar „lifandi og saklausar“ verur sem myrtar eru til mannelis því þær eru okkur svo skaðlegar. Mjólkin er jafnvel komin á bannlista. Þrátt fyrir hugrakkar auglýsingar mjólkurframleiðanda sem halda því fram að

allir verði ljótir, tannlausir og feitir ef þeir drekka ekki mjólk. Og ekki má nú gleyma stólpípunum í Pólandi. Öllum heilsuvikumum í útlöndum þar sem skítum er dælt út í tonnavis. Líkaminn SKAL líta út eins og Kellogg's-auglýsingunum.

En viti menn. Í Hafnarfirði býr maður sem uppgötvað hefur nýja líkamsrækt. 89 ára að aldri og jafn vel á sig kominn og hver annar aulinn sem hoppar og skoppar í vaxtaræktarsölunum. Töfraformúlan er einföld. Aldrei að borða sig saddan. Þrjár máltíðir á dag sem samanstanda af fiski og kjöti á degi hverjum og hálf tíma göngutúr á hverjum degi. Ódýrara getur það ekki verið.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Eignastu lögin af nýju plötu Bubba á undan öllum

Þú gætir um leið unnið miða á útgáfutónleikana þann 6. júní

Nú getur þú keypt lögin af væntanlegri plötu Bubba Morthens hjá Vodafone og spilað þau aftur og aftur úr símanum þínum.

Prófaðu hvað þetta er þægilegt, náðu í titillagið **Fjórir naglar** með því að senda SMS skilaboðin **lag Bubba í 1900** eða farðu á **vodafone.is**.

Allir sem kaupa lög af plötunni eiga kost á því að **vinna miða fyrir 2** á útgáfutónleika Bubba sem verða í Borgarleikhúsinu **6. júní**.

Lifðu núna



Hljómeyki sigraði í virtri kórakeppni

Kammerkórinn Hljómeyki heldur tónleika í Háteigs-kirkju í kvöld kl. 20. Kórinn sneri nýverið heim úr vel heppnaðri ferð á hina virtu Florilège Vocal de Tours-kórakeppni í Frakklandi þar sem hann vann til verðlauna sem besta kammerkórinn.

Magnús Ragnarsson, stjórnandi kórsins, er að vonum ánægður með árangurinn. „Kórar keppa í ýmsum flokkum í þessari keppni, auk þess að keppa um sjálf aðalverðlaunin, og við urðum sem sagt hlutskörpust í kammerkóraflokknum ásamt kórnum Khreschatyk frá Úkraínu. Keppnin er frekar hátt skrifuð í tónlistarheiminum og því er það mikill heiður og mjög ánægjulegt að ná svona langt í henni.“

Eins og gefur að skilja eru það aðeins mjög metnaðarfullir og góðir kórar sem komast að í keppni sem þessari. Magnús segir það hafa verið upplifun að heyra hina kórana syngja. „Það hvíldi reyndar mikil leynd yfir öllu á meðan keppnin sjálf stóð yfir; til að mynda voru mjög strangar reglur um að kórarnir mættu ekki sjá tónleikasalinn fyrir keppnina og heldur ekki heyra í hinum kórnum. En að keppni lokinni sungu kórarnir saman og héldu tónleika hverjir fyrir aðra og þá heyrðum við að þarna voru afskaplega vandaðir kórar á ferð. Til að mynda var þarna kór frá Filippseyjum sem æfir sjö daga vikunnar og annar frá Bandaríkjunum sem æfir fimm sinnum í viku. Reyndar er dálítið gaman að segja frá því að kórinn sem vann sjálf Grand Prix-verðlaunin var kór frá Lyon



KAMMERKÓRINN HLJÓMEYKI Vann til verðlauna sem besta kammerkórinn á hinn virtu Florilège Vocal de Tours-keppni í Frakklandi.

í Frakklandi sem æfir aðeins tvisvar í viku. Kórinn minnti mig á franska handboltalandslíðið sem vann heimsmeistaramótið í Reykjavík 1995, en var bara temmilega afslappað meðan á keppninni stóð og eyddi öllum sínum tíma á Kaffibarnum frek-

ar en á æfingum.“

Á efnisskrá tónleikanna í kvöld eru þau kórverk sem kórinn flutti í keppninni og fleyttu þeim þar til sigurs. En hvað er svo fram undan hjá Hljómeyki? „Við ætlum að flytja Náttöngva Rakhmanínovs á tónleikum í

Skálholti hinn 10. júlí og svo 12. júlí frumflytjum við Missa brevis eftir Svein Lúðvík Björnsson. Svo stefnum við bara ótraud á næstu Florilège Vocal de Tours-keppni eftir tvö ár,“ segir Magnús.

vigdís@frettabladid.is



SIGURBJÖRN OG ANNA GUÐNÝ Æfa af kappi fyrir tónleikana í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

Tónskáldið Þorkell heiðraður

Þorkell Sigurbjörnsson er eitt ástsælasta og áhrifamesta tónskáld okkar Íslendinga. Höfundarverk hans er einkar fjölbreytilegt og inniheldur fjölda hljómsveitarverka, einleikskonserta, kammerverka, mikið af raf- og tölvutónlist, kammeróperur, sönglög og kórtónlist. Í ár fagnar Þorkell sjötugsafmæli sínu og í tilefni þess verða haldnir sérstakir afmælistónleikar í Íslensku óperunni í kvöld kl. 20. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

Efnisskrá tónleikanna verður sérlega falleg og inniheldur öll verka Þorkells fyrir einleiksfiölu og fiölu og píanó. Hljóðfæraleikarar eru þau Sigurbjörn Bernharðsson, fiöluleikari og frændi tónskáldsins, og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari.

Tónleikarnir verða endurteknir kl. 20.30 annað kvöld í Laugarborg við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit.

-vp

LÚXUS

4 lúxus „ísbirnir“ komnir í Bílaland B&L.

Komdu og kynntu þér kjörin.



L.R. RANGE ROVER HSE Diesel

Nýskr: 01/2006, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 54.000

Verð: 9.400.000



L.R. DISCOVERY 3 HSE Diesel

Nýskr: 03/2006, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 75.000 þ.

Verð: 7.190.000



L.R. RANGE ROVER SPORT HSE

Nýskr: 01/2006, 4400cc, 300 hö., 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrænn, ekinn 18.000.

Verð: 8.600.000



L.R. RANGE ROVER Supercharged

Nýskr: 01/2006, 4200cc, 400 hö., 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 27.000.

Verð: 12.500.000


ALLIR INNFLUTTIR
OG ÞJÓNUSTAÐIR
AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.



bilaland.is
575 1230

kammakarlo®
www.kammakarlo.is



Buxna og pilsadagar
www.kammakarlo.is

Bærjarlind 12, Kópavogur

> KIM AFTUR Í KYNLÍFIÐ

Kim Cattrall snýr aftur á sjónvarpsstöðina HBO á næstunni, þótt ekki verði það í hlutverki Samönthu í Sex and the City. Kynlífið verður þó ekki langt undan, því hún hefur tekið að sér aðalhlutverkið í þáttunum Sensitive Skin, sem fjalla um líf miðaldra húsmóður sem gengur í endurnýjun lífdaga sem kynvera. Þættirnir eru byggðir á þáttaröð frá BBC.

fólk

folk@frettabladid.is



Bo Diddley látinn

Bandaríska tónlistargoðsögnin Bo Diddley lést á mánudaginn, 79 ára að aldri. Hann hafði átt á brattann að sækja eftir að hann fékk hjartaslag í fyrra.

Bo Diddley er einn af feðrum rokksins, var í fyrstu hrinu rokkara, manna á borð við Elvis, Chuck og Jerry Lee. Hann hafði spilað á götuhornum í Chicago þegar Chess-útgáfan tók hann upp á sína arma árið 1954. Skærast skein stjarna hans á 6. áratugnum. Tónlist Bos er auðþekktanleg á hinum sérstaka „Bo Diddley-takti“ sem er í lögnum. Taktinn má heyra í frægasta lagi Bos, „Who Do You Love“. Bo söng mikið um sjálfan sig

eins og lög eins og „Bo Diddley“ og „Hey Bo Diddley“ bera vitni um. Þá var Bo frægur fyrir allsérstæða gítara sem hann fékk Gretsch-verk-



BO DIDDLEY
1928-2008

Þriðja húðflúrunarhátíðin

Húðflúrunarhátíðin Icelandic Tattoo Festival fer fram nú um helgina. Hátíðin, sem nú er haldin í þriðja sinn, stækkar með ári hverju.

Icelandic Tattoo Festival hefst nú á föstudag, en þetta er þriðja árið í röð sem hún er haldin í Reykjavík. Hjólin Óssur Hafþórsson og Linda Mjöll Þorsteinsdóttir standa að hátíðinni, sem stækkar með ári hverju. Hún er haldin í salnum yfir skemmtistaðnum Tunglinu, við Tryggvagötu. „Við fáum flúrara frá Evrópu, Bandaríkjunum og Íslandi, sem allir hittast niðri á Tunglinu, svo þetta verður eins og ein stór tattústofa. Þetta eru um átján flúrara í ár, svo þarna verður að finna allar stefnur og strauma,“ útskýrir Óssur, sem segir aðsóknina afar góða.

„Þetta hefur tekist svo vel undanfarið ár að flúrarnir hafa verið orðnir fullbókaðir upp úr hádegi á laugardegi. Við erum farin að taka við tímapöntunum, en annars kemur fólk bara við, skoðar hvað við erum að gera og pantar sér tíma hjá þeim flúrara sem því list á. Svo er tattúinu bara hamrað á,“ segir Óssur brosandí.

Hann segir það aðallega Íslendinga sem sækja hátíðina heim, þó að ferðamenn séu líka í þeim hópi. „Það er mikill áhugi fyrir hendi, þetta er svo breytt. Í gamla daga voru það helst sjóararnir sem fengu sér tattú, svo kom smá tribal-bylting og allir voru í litlum flúrum og kínatáknum. Núna eru strákarnir að koma og fá sér kannski eina mjög stóra mynd í fyrsta skiptið, og stelpurnar líka,“ útskýrir Óssur. „Fólk veit meira



AUKIN AÐSÓKN Hjólin Linda Mjöll Þorsteinsdóttir og Óssur Hafþórsson eru aðstandendur húðflúrunarhátíðarinnar, og segja hana fara stækkandi. Þau eru einnig eigendur tattústofunnar Reykjavík Ink.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hvað það vill, sem er náttúrulega dálítið atriði í þessu,“ segir hann kíminn.

Verðlaun fyrir bestu flúrin verða veitt á Bar 11 á sunnudagskvöld, en þar verða einnig haldnir tónleikar í tengslum við hátíðina á föstudags- og laugardagskvöld. Hátíðin stendur frá 12-22 á föstudag og laugardag, en 12-19 á sunnudag. Aðgangseyrir er 600 krónur.

sunna@frettabladid.is

BREYTTAR STEFNUR Óssur segir tiskuna núna frekar vera að fá sér eitt stórt tattú, sem hylur jafnvel heilan handlegg, eins og á þessum gesti hátíðarinnar fyrir tveimur árum, frekar en mörg lítil eða í tribal-stíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VALLI SPORT Umboðsmaður Íslands auglýsir eftir drottningum og prinsum næturinnar til að birtast í nýju myndbandi sem stendur til að sýna um heim allan.

Leitar að næturdrottningum

„Já, við erum að leita eftir næturdrottningum og svörtum prinsum – vöðvamiklum. Flottu fólki á Íslandi. Fólk sem stundar skemmtanalífið og er til í að sýna hversu flott það er,“ segir Valli sport, umboðsmaður Mercedes Club.

Blásið verður til partís á Tunglinu næsta föstudagskvöld og verða kvikmyndatökuvélar á lofti. Valli neitar því aðspurður að verið sé að taka upp auglýsingu heldur á að taka upp búið í myndband við lagið „I Wanna Touch You“ sem hefur verið áberandi í útvarpi að undanfögnu. „Við munum því vera með kvikmyndavélar á staðnum til að mynda stemninguna fyrir okkar næsta tónlistarmyndband ásamt kynningu á hljómsveitinni fyrir Evrópumarkað,“ segir Valli. Til stendur að sýna myndbandið um heim allan.

Grand HÁDEGI

Hádegishlaðborð alla virka daga. Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð
kr. 2.150.-



Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

Sigtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is

Auglýsingasími

512 50 50

Explorer 2.0 - Götuhjól fyrir dömur og herra

- Álstell 7005 T-6
- Shimano Acera 21 gíra
- Tektro V-bremsur
- SR Suntour M2000 framdempari m/63 mm slaglengd
- Stillanlegur stífleiki

Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprétt setstaða ásamt dempara í sætisþósti auka enn á þægindin.

Verð

37.990 kr.



Trail X 2.0 - Fjallahjól

- Álstell 7005 T-6
- Shimano Acera 24 gírar
- V-bremsur
- RST Omni 191 dempari m/75 mm slaglengd
- Stillanlegur stífleiki

Vandað, alhiða fjallahjól í skemtri eða lengri ferðir. Setstaða hentar vel til þolþjálfunar.

Verð **36.990** kr.

Hjóladeildin er í Holtagörðum



395,-
SYNTES SKISS
 skál Ø17 cm. Hvítt/bleikt.

295,-/2 í pk.
SYNTES SKISS skálar
 Ø9 og Ø7 cm. Ýmsir litir.

695,-
SYNTES SKISS
 diskur, Ø29 cm. Hvítt/rautt.

Allt í eldhúsið



395,-/12 í pk.
SVEPA glös 22 cl. Glært gler.



SVALKA kampavinsglös 15 cl.
 Glært gler. **495,-/6 í pk.**



245,-/6 í pk.
IKEA 365+ glös 30 cl. Glært gler.



POKAL glas 35 cl. H14 cm.
 Glært gler. **75,-**



495,-/6 í pk.
SVALKA rauðvinsglös 30 cl.
 Glært gler.



2.990,-/18 í pk.
DINERA matarstell, drapplitað.
 Djúpir diskar 22 cm. Hliðardiskar 20 cm.
 Diskar 26 cm. 6 stk. af hverjum.



DINERA skál, Ø14, H6 cm.
 Ljósgrænt. **195,-**



DINERA djúpur diskur,
 Ø22 cm. Drapplitað. **250,-**



DINERA skál, Ø14, H6 cm.
 Grátt. **195,-**




DINERA PROVINS diskur,
 Ø32 cm. Ljósgrænt. **595,-**



DINERA diskur Ø26 cm.
 Drapplitað. **250,-**



DINERA PROVINS diskur,
 Ø32 cm. Grátt. **595,-**



2.990,-/18 í pk.
SYNTES matarstell, 18 hlutir.
 Skálar Ø14, H6 cm. Hliðardiskar Ø20 cm. Matardiskar Ø26 cm.
 6 stk. af hverjum. Fæst í svörtu og hvítu.



3.990,-/18 í pk.
ARV matarstell, beinhvítt. Djúpir diskar
 Ø22 cm. Hliðardiskar Ø22 cm.
 Matardiskar Ø28 cm. 6 stk. af hverjum.



3.990,-/18 í pk.
RONDO matarstell. Svart. Diskar Ø27 cm,
 Hliðardiskar Ø19 cm. Djúpir diskar Ø19 cm.
 6 stk. af hverjum.



Eiríkur til Máls og menningar

„Tja, það fer nú eftir því hvernig maður lítur á þetta. En jú, ég er að fara að gefa út undir merkjum Máls og menningar. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem það gerist,“ segir ljóðskáldið og rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl, sem hefur gengið til liðs við Mál og menningu.

Ljóðskáldið segist hins vegar ekki vera hætt með hinum háværa Nýhil-hópi sem hefur látið mikið á sér bera á bókmenntasviðinu undanfarin ár. „Nei, ég er alls ekki að svíkja lit, síður en svo. Nýhil-félagsskapurinn hefur alltaf verið hugsadur sem möguleikaverksmiðja og hann framkvæmir eitthvað sem aðrir þora ekki að leggja út í,“ útskýrir Eiríkur, sem óttast síður en svo að lenda ofan í lítilli skúffu hjá risanum í bókaútgáfu og rykfalla þar. „Nei, Silja Aðalsteinsdóttir er að byrja þarna sem útgáfustjóri og við erum góðir vinir þannig að þetta ætti svo sem að vera í lagi.“ Eiríkur ætlar ekki að ráðast á garð-

inn þar sem hann er lægstur með sinni fyrstu útgáfu hjá forlaginu því hann hefur þýtt ljóð bítikk-skáldsins Allens Ginsberg. „Þetta hefur verið ansi lengi á leiðinni. Ég byrjaði á þessu í Brándaheimi í Noregi árið 2001 og var þá búinn að birgja mig upp af sígarettum, kaffi og ofnþitsum. Þetta var í fyrsta skipti sem að ég vann með fartölvu og mér fannst það svo gaman að ég gat eiginlega bara ekki hætt,“ útskýrir Eiríkur en einnig er væntanleg frá honum myndljóðabók og hljóðbók.

KOMINN TIL RISANS Eiríkur Örn Norðdahl er kominn undir verndarvæng Jóhanns Páls Valdimarssonar og gefur út þrjú verk á næstunni.



NÝTT Í BÍÓ! **NÝTT Í BÍÓ!**

★ ★ ★ ★ ★ K.H. - DV ★ ★ ★ ★ ★ Þó óttunar

STELPUFNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ

FORBIDDEN KINGDOM ER EINHVER SKEMMILÍGASTA OG ÖVANTASTA ÆVINYTRAMNÐ SUMARSINS!

„Ljúfir endurfundur“ P.P., DV

„Trú forverum sínum og er kærkomin viðbót í þessa mögnuðu seríu. Meira er ekki hægt að biðja um.“ V.J.V., Topp5.is/FBI

„Masar, breiður og gott grín“ S.V. MBL

„Biðin var þess virði“ J.L.S., film.is

LÚXUS

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

TILBOÐSVERÐ

SEX AND THE CITY	Kl. 5-8-10:50	14	FORBIDDEN KINGDOM	Kl. 5:30-8-10:30	12
SEX AND THE CITY LÚXUS	Kl. 8-10:50		KICKIN IT OLD SKOOL	Kl. 5:40-8-10:20	7
INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL	Kl. 5:20-8-10:40	12	HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GR	Kl. 5:45-8-10:15	12
INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D	Kl. 5:20		MADE OF HONOUR	Kl. 8-10:10	
PROM NIGHT	Kl. 6-8-10		BRÚÐGUMINN	Kl. 6 ENSKUR TEXTI	7
WHAT HAPPENS IN VEGAS	Kl. 5:45-8-10:15				
SUPERHERO MOVIE	Kl. 4				
BUBBI BYGGIR Í VILLLA VESTRINU	Kl. 3:50				
HORTON	Kl. 3:50 ISLENSKT TAL				

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA Á midi.is

5 KR. 9% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

SEX AND THE CITY	Kl. 7-10	14	SEX AND THE CITY	Kl. 5:20-8-10:40	14
INDIANA JONES 4	Kl. 5:30-8-10:30	12	INDIANA JONES 4	Kl. 5:40-8-10:20	12
PROM NIGHT	Kl. 6-8-10	14			
WHAT HAPPENS IN VEGAS	Kl. 5:45-8-10:15				

Enn deilt um Airwaves

Eldar Ástþórsson, fráfaraandi framkvæmdastjóri Airwaves, er ósáttur við ummæli Þorsteins Stephensen um starfslok sín. Þorsteinn tjáir sig ekki frekar um starfslok hans og einbeitt sér að skipulagningu næstu hátíðar.

Málefni tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves hafa verið talsvert til umræðu síðustu daga. Fyrir helgi spurðist út að Eldar Ástþórsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri hátíðarinnar undanfarið, hefði látið af störfum. Í fréttum af starfslokum sínum sagði Eldar að ástæða þess að hann hyrfi á braut væri ágreiningur um rekstrarform hátíðarinnar. Þorsteinn Stephensen, eigandi Iceland Airwaves, vildi hins vegar meina að Eldar hefði hætt vegna deilna um launakjör. Eldar er ósáttur við ummæli Þorsteins og sendi frá sér yfirlýsingu í gærdag sem fer hér á eftir:

„Ég vil fá að koma því á framfæri að ágreiningur minn og Þorsteins Stephensen snýst ekki um laun, heldur greinir okkur á um rekstrarform Iceland Airwaves hátíðarinnar. Ef launakjör væru minn drifkraftur er ljóst að ég hefði valið mér annan starfsvettvang en að vinna að uppbyggingu Airwaves hátíðarinnar síðustu ár. Ég vil hins vegar sjá annað rekstrarform á hátíðinni, og að rekstur hennar verði aðskilinn frá öðrum verkefnum og fjárfestingum Hr. Örlýgs. Að sérstök rekstrarreining verði skipuð kringum Iceland Airwaves hátíðina, sem hafi ekki tekjur eða gjöld af öðru en hátíðinni. Að allar tekjur og styrkir hátíðarinnar verði notaðir henni til uppbyggingar. Þar sem ég og eigandi fyrirtækisins sjáum þetta ekki sömu



SNÝST EKKI UM LAUN Eldar Ástþórsson segist hafa hætt sem framkvæmdastjóri Iceland Airwaves vegna ágreinings um rekstrarform hátíðarinnar.

augum, var það eina rétta í stöðunni fyrir mig að hætta. Þó það sé vissulega sárt og leiðinlegt eftir margra ára vinnu. Ég hef unnið að Iceland Airwaves hátíðinni frá því hún var fyrst haldin og tel mig hafa borið hitann og þungann af skipulagningu hennar síðustu ár. En ég met það svo að fjárhagsvandráði Hr. Örlýgs hafi truflað starf okkar sem unnið hafa að Iceland Airwaves hátíðinni það mikið að ekki sé hægt að halda áfram við óbreyttar aðstæður og framtíð hátíðarinnar sé stefnt í vöð. Þrátt fyrir að rekstur hátíðarinnar sjálfur hafi gengið vel. Ég get ekki unnið við slíkt fyrirkomulag lengur, þó ég voni svo sannarlega að tíunda Airwaves

hátíðin fari fram í október eins og ráðgert er.

Eldar Ástþórsson

Þorsteinn Stephensen sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann vildi ekki tjá sig frekar um starfslok Eldars hjá Iceland Airwaves. Nú stæði yfir vinna við skipulagningu næstu hátíðar og tilkynnt yrði um fyrstu hljómsveitirnar í næstu viku. Jafnframt hefði hann átt jákvæðan fund með bakhjörllum Airwaves, Icelandair og Reykjavíkurborg, þar sem allir aðilar hefðu verið sammála um að snúa bókum saman. Þá segist Þorsteinn vera að vinna að því að fá fleiri fyrirtæki til að styrkja framkvæmd hátíðarinnar.

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ

STELPUFNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ

FORBIDDEN KINGDOM ER EINHVER SKEMMILÍGASTA OG ÖVANTASTA ÆVINYTRAMNÐ SUMARSINS!

„Ljúfir endurfundur“ P.P., DV

„Trú forverum sínum og er kærkomin viðbót í þessa mögnuðu seríu. Meira er ekki hægt að biðja um.“ V.J.V., Topp5.is/FBI

„Masar, breiður og gott grín“ S.V. MBL

„Biðin var þess virði“ J.L.S., film.is

LÚXUS

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

SEX AND THE CITY	Kl. 4.30, 6 og 9	14
INDIANA JONES 4	Kl. 4.30, 7 og 10	12
HAROLD & KUMAR 2	Kl. 8 og 10.10	12

SAMBÍÓ

JET LI ACKIE CHIAN

FORBIDDEN KINGDOM

SEX AND THE CITY

INDIANA JONES 4

NEVER BACK DOWN

NIM'S ISLAND

IRON MAN

VALLEY OF ELAH

THE HUNTING PARTY

U2 3D

ALFABAKKA

FORBIDDEN KINGDOM	Kl. 5:30-8-10:30	12
INDIANA JONES 4	Kl. 5:30-8D-10:40D	12
INDIANA JONES 4	Kl. 8-10:40	VIP
LOVE IN TIME OF CHOLERA	Kl. 8	7
NEVER BACK DOWN	Kl. 10:40	14
NIM'S ISLAND	Kl. 5:30	L
IRON MAN	Kl. 5:30-8-10:30	12
VALLEY OF ELAH	Kl. 8	16
THE HUNTING PARTY	Kl. 10:40	12
U2 3D	Kl. 6:30	L

SELFLOSS

INDIANA JONES 4	Kl. 8-10:30	12
HAROLD AND KUMAR 2	Kl. 8	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS	Kl. 10:10	L
FORBIDDEN KINGDOM	Kl. 8	16
NIM'S ISLAND	Kl. 8	12

KEFLAVÍK

SEX AND THE CITY	Kl. 8-10:45	14
INDIANA JONES 4	Kl. 8-10:30	12

KRINGLUNNI

SEX AND THE CITY	Kl. 5-8-10:50	14
INDIANA JONES 4	Kl. 6:30D-9D-11:30D	12
NEVER BACK DOWN	Kl. 11:30	14
IRON MAN	Kl. 6:30-9	12

SAMBIO.IS

Björk, Sigur Rós og náttúran

Björk og Sigur Rós spila saman á tónleikum í Reykjavík laugardaginn 28. júní. Einnig kemur Ólöf Arnalds fram og erlendir gestir. Sú saga hefur gengið um bæinn að hljómsveitinn Radiohead sé þessi erlendi gestur en Einar Örn Benediktsson, einn af skipuleggjendum tónleikana, segir það slúður og óskhyggju. „Við biðum staðfestingar frá þessum aðilum og getum ekkert sagt hverjir þetta eru eins og er,“ segir Einar, alveg harður. Tilefnið með tónleikunum er að auka vitund almennings á náttúruvernd - að „færa okkur af olíuöldinni og á 21. öldina og opna umræðuna á þá möguleika sem blasa við okkur,“ eins og Björk Guðmundsdóttir segir. Skipuleggjendurnir bóða borgarráðsfundar á morgun til að geta sagt til um nákvæma staðsetningu tónleikana. Á þessari stundu er það eitt á hreinu að tónleikarnir verða haldnir laugardaginn 28. júní. Það er eina dagsetningin sem bæði Björk og Sigur Rós gettu spilað á Íslandi. Björk er að leggja upp í síðasta hluta heimsyfrireidar

sinnar til að fylgja plötunni Volta eftir. Platan kom út fyrir rúmlega ári og Björk hefur þeyst um heiminn síðan þá. Í sumar er hún búkuð fram í ágúst í Evrópu. Sigur Rós er hins vegar í startholunum með sína fimmtu hljóðversplötu, Með suð í eyrum við spilum endalaust. Hljómsveitin er búkuð út sumarið um allan heim, spilar á þrennum tónleikum í Mexíkó um næstu helgina, en þaðan liggur leiðin til Bandaríkjanna og Evrópu.



TAKIÐ LAUGARDAGINN 28. JÚNÍ FRÁ Björk og Sigur Rós auk gesta á útitónleikum í Reykjavík.

MÁLTÍÐ
MÁNABARINS

Style Special

franskar
3908
995,-



AMERICAN
STYLE

BÍLDSHÖFÐI ★ SKIPHOLT ★ TRYGGVAGATA
★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR

STOFA 53

> Börn af erlendum uppruna hvött áfram

Knattspyrnusamband Íslands gaf í gær út bækling sem miðar að því að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í fótbolta. Bæklingurinn er raunar endurútfærinn en hann hefur nú verið þýddur yfir á ensku, pólsku og spænsku til að ná til sem flestra. „Grasróstarstarf KSÍ er mjög öflugt og útgáfa foreldrabæklinga er mikilvægur liður í því starfi,” sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, við tilefnið en Alþjóðahúsið og Landsbankinn studdu sambandið við útgáfuna.



sport
sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMAÐURINN HELGI MÁR MAGNÚSSON: FÓR AÐ HEIMSÆKJA JÓN ARNÓR STEFÁNSSON TIL RÓMAR

Skemmtilegast að fara á útileikina

Landsliðsmaðurinn og KR-ingurinn Helgi Már Magnússon er nýkominn heim frá Róm þar sem hann heimsótti Jón Arnór Stefánsson og fylgdist með honum í undanúrslita-einvíginu um ítalska meistaratitilinn.

„Það var mjög gaman að heimsækja hann. Ég er búinn að fara síðustu þrjú ár og kíkí alltaf á hann eftir að tímabilinu mínu lýkur. Núna fór ég eftir að ég var búinn að klára prófin,” sagði Helgi Már og bætti við. „Þetta er mikil upplifun og þá sérstaklega að fara á útileiki því það er eiginlega skemmtilegast,” segir Helgi Már og hann hefur ýmsar útgáfur að segja frá útileikjum. „Ég hef farið á tvo útileiki með honum og þar eru menn að grýta í varamannaskýlið, það er reynt að hrækja á þá og allt er gjörsamlega brjálað. Það var meira að segja hót að drepa okkur þegar við sátum þarna voðalega sakleysislegir. Þegar Jón Arnór var með Napoli að spila á móti Bologna átti hann sína bestu leiki þrátt fyrir að vera manna

hataðastur hjá Napoli-liðinu. Þeir baulðu á hann við hvert tækifæri og blótuðu honum í sand og ösku. Það sýnir kannski vel styrk hans sem leikmanns að ná að spila vel við svona erfiðar aðstæður,” segir Helgi, sem segir Jón Arnór vera mikilvægur fyrir Rómaliðið. „Hann er að spila fullt sem segir okkur að hann sé að gera eitthvað rétt þótt hann sé ekki að hitta. Hann stóð sig sem dæmi mjög vel í vörninni,” segir Helgi Már.

Helgi segir aðstæðurnar vera flottar í Róm. „Höllin er rosalega flott og minnir mann á NBA-hallir,” segir Helgi Már og Jón Arnór sjálfur er ánægður með að fá félag sína í heimsókn.

„Jón er alltaf manna spenntastur fyrir því að fá okkur í heimsókn. Við förum þarna út til þess að sjá flotta körfuboltaeiki en að sjálfsögðu einnig til þess að hitta strákinn. Það er samt alveg skelfilegt að það sé ekkert sýnt í sjónvarpinu héna heima því ég held að við fáum ekkert betra sjónvarpsefni heldur en þetta. Mig dauðlangar því að fara út aftur,” sagði Helgi Már að lokum.



Íslandsmeistararnir fá liðsstyrk fyrir næsta tímabil:

Sverrir til Keflavíkur

KÖRFUBOLTI Sverrir Þór Sverrisson hefur ákveðið að snúa aftur heim til Keflavíkur og spila með Íslandsmeisturinum í Iceland Express-deild karla næsta vetur.

Sverrir er því enn einn leikmaðurinn sem Njarðvíkingar missa en hann er traustur leikstjórnandi og einn besti varnarmaður deildarinnar; hefur spilað 302 leiki í úrvalsdeild karla með Keflavík, Njarðvík, Tindastól og Snæfelli en hann er Keflavíkingur að upplagi.

HEIM Á NÝ Sverrir Þór Sverrisson er kominn aftur til Keflavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Sverrir búinn að tilkynna Njarðvíkingum að hann færi frá liðinu löngu áður en Valur Ingimundarson var ráðinn sem þjálfari og því hafði sú ráðning ekkert með það að segja að Sverrir Þór fer frá liðinu.

Sverrir Þór var með 5,6 stig og 4,4 stoðsendingar að meðaltali á 19,4 mínútum með Njarðvík í vetur. Árið á undan var hann með 7,3 stig og 5,7 stoðsendingar að meðaltali á 24,3 mínútum með Keflavík en Sverrir Þór hefur alls spilað 153 leiki fyrir félagið í efstu deild og er tíundi leikjahæsti leikmaður félagsins í úrvalsdeild. - óóó



Glæsímark Dóru dugði Val

Íslandsmeistarar Vals lentu í erfiðleikum með nýliða Aftureldingar en eru áfram með fullt hús stiga á toppi Landsbankadeildar kvenna.

FÓTBOLTI Valskonur eru áfram með fullt hús í Landsbankadeild kvenna eftir 1-0 sigur á nýliðum Aftureldingar í fyrsta leik liðsins á nýja Vodafone-vellinum að Hlíðarenda. Íslandsmeisturum Vals gekk afar illa að brjóta vörn Aftureldingar á bak aftur í gær. Það var Dóra María Lárusdóttir sem sá til þess að vígslan endaði vel því hún skoraði eina markið á 33. mínútu.

Valsliðið var miklu meira með boltann frá fyrstu mínútu og leikurinn fór að mestu fram á vallahelmingi Aftureldingar. Vörn Aftureldingar var hins vegar skipulögð og liðið náði nokkrum sinnum ágætum skyndisóknum þar sem oft munaði litlu að þær kæmust í gegn. Margrét Lára Viðarsdóttir var í strangri gæslu Christu Mann og komst lítið áleidis enda átti Mann mjög góðan leik ásamt fyrri liðanum Gígju Heiðarsdóttur og markverðinum Brett Elizabeth Maron.

Það opnaðist að sama skapi fyrir Dóru María Lárusdóttur sem var síðgagnandi á hægri vængnum allan fyrri hálfleikinn og það var vel við hæfi að það væri hún sem skoraði fyrsta mark Valsliðsins á Vodafone-vellinum. Markið var einkar glæsilegt hjá Dóru Maríu. Hún fékk þversendingu frá Margréti Lára Viðarsdóttur, klobbaði varnarmann og lagði boltann síðan upp í fjærhornið, rétt innan vítateigs og með vinstri fæti.

„Það var skemmtilegt að skora fyrsta markið því það er nú ekki oft sem maður lendir í því að skora eina markið í leik því það gerist nú ekki oft í kvemboltanum,” sagði Dóra María sem vildi þó ekki segja að það hefði verið stress í liðinu að spila fyrsta leikinn á Vodafone-vellinum. „Þetta er öðruvísi og



HALLGRÍMSKIRKJUFAGN Valsstúlkur fagna eftir að Dóra María Lárusdóttir kom þeim yfir. Markið lá í loftinu eftir þungar sóknir Hlíðarendastúlkna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

það var mikil eftirvænting í liðinu enda við búnað að bíða mjög lengi eftir þessu en ég fann ekki fyrir miklu stressi sjálf,” sagði Dóra María sem lék mjög vel.

Nýliðar Aftureldingar hafa alla burði til þess að bita frá sér í sumar og þótt að stigin séu ekki nema þrjú hefur liðið sýnt að þar fer ágætis fótboltaeiki sem getur bara vaxið í sumar.

„Ég er náttúrulega aldrei sátt við að tapa en ég var samt nokkuð sátt við frammistöðu okkar liðs. Ég var mjög sátt með varnarleikinn okkar og seinni hálfleikurinn var mun betri sóknarlega en sá fyrri. Þær byrjuðu leikinn af miklum krafti og það tók okkur smá tíma að komast inn í leikinn,” sagði Gígja Heiðarsdóttir, fyrri liði Aftureldingar, sem tókst mjög vel upp að halda aftur af markadrotningunni Margréti Lára Viðarsdótt-

ur ásamt Christu Mann.

„Við lögðum áherslu á að stoppa hana og það gekk mjög vel,” sagði Gígja sem segir að liðið þurfi að sýna meiri stöðugleika til þess að fara að ná í fleiri stig. „Við erum svolítið mikið upp og niður. Við höfum spilað vel á móti stærri liðunum en þurfum að fara að spila vel í öllum leikjum. Með meiri stöðugleika kemur þetta,” sagði Gígja að lokum. oo@frettabladid.is

Úrslit og markaskorarar í gær:

Valur-Afturelding	1-0
1-0 Dóra María Lárusdóttir (33.)	
Stjarnan-Keflavík	2-2
1-0 Gunnhildur Yrsa Jónsd. 2 - Guðrún Olsen 2	
Fylkir-KR	1-5
Lizzy Karoly - Hólmfríður Magnúsdóttir 3, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Katrín Ómarsdóttir.	
Þór/KA-Breiðablik	2-1
Rakel Hönnudóttir og Ivana Ivanovic skorðu fyrir Þór en Berglind Björg Þorvaldsdóttir fyrir Blika.	

Úrslitarimman í ítalska körfuboltanum hófst í gær:

Tap hjá Jóni Arnóri

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson og félagar hans í Lottomatica Roma töpuðu fyrsta leiknum gegn Montepaschi Siena í úrslitarimmu félaganna um ítalska titilinn í körfuknattleik. Leikurinn endaði 85-73 en var jafnari en tölurnar gefa til kynna.

Jón Arnór lék í samtals 23 mínútur og skoraði fimm stig úr tveimur skotum, öðru fyrir utan þriggja stiga línuna.

Tvö efstu lið deildakeppinnar eigast við um titilinn en Montepaschi varð deildarmeistari og Lottomatica í öðru sæti. Fyrri hálfleikur var jafn og spennandi. Lottomatica hafði undirtökin til að byrja með og leiddi 22-19 eftir fyrsta leikhlutann.

Heimamenn í Montepaschi bitu frá sér í öðrum leikhlutanum og þeir náðu fjögurra stiga forystu í hálfleik, 43-39. Montepaschi gekk illa að slíta baráttuglaða leikmenn Lottomatica af sér en gestirnir voru samt sem áður sex stigum undir, 61-55, fyrir fjórða og síðasta leikhlutann.

Þegar um fimm mínútur voru eftir skildu aðeins fjögur stig liðin að en nær komst Lottomatica ekki. Montepaschi setti í fimmta gir og vann að lokum öruggan tólf stiga sigur.

Næsti leikur liðanna er á sunnudag en fjóra sigurleiki þarf til að tryggja sér titilinn.

- hþ



JÓN ARNÓR Skoraði fimm stig í tapleik Lottomatica í gær.

IGUANA PRESS



MARKAVEISLA Í LOKIN Iddi Alkhaq, sóknarmaður HK.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

HK-ingurinn Iddi Alkhaq: Jafnaði metið hans Tryggva

FÓTBOLTI HK-ingurinn Iddi Alkhaq jafnaði á mánuðagskvöldið þrjú ára met Tryggva Guðmundssonar þegar hann skoraði fyrsta mark sitt í þrennu gegn Val, á 80. mínútu leiksins.

Tryggvi var sá sem hafði byrjað síðastur á þrennu síðan deildin innihélt tíu lið en hans þrenna kom einnig í heimaleik á móti Val, hinn 3. september 1997. Tryggvi skoraði þá mörkin sín á 80., 81. og 89. mínútu en mörk Alkhaq í 4-2 sigri HK á Íslandsmeisturum Vals komu á 80., 84. og 90. mínútu. -óóó

Skráning á golf.is

SUZUKI OPEN

KIÐJABERGI, 07. JÚNÍ, TEXAS SCRAMBLE

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100
WWW.SUZUKIBILAR.IS

Hugakjál Mál 08

3

Dagar í EM 2008

Coca-Cola and 'Coke' are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2008 The Coca-Cola Company.



EAS

ORKA · GRÆNNING · STYRKUR

HULK
Haga, lósvell EAS

HULK

THE INCREDIBLE

Í KVIKMYNDAHÚSUM 11. JÚNÍ

Myoplex

Hágæða próteinin í Myoplex máltíðum hjálpa þér að byggja upp vöðvamassa og auka líkamsstyrk.



MARVEL

2 miðar á **HULK** frumsýningu 11. júní

fylgja með þegar verslaðar eru Myoplex vörur fyrir kr. 6.000,- eða meira*.
Gildir meðan miðar endast. Upplýsingar um framboð miða í þjónustuborði Hagkaupa.

*Gildir í eftirfarandi verslunum Hagkaupa:
Garðabæ, Holtagörðum, Kringlu, Skeifu, Smáralind og Spöng.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

> Sandra Oh

Foreldrar Oh eru frá Kóreu en hún fæddist hins vegar í Kanada. Þar var hún þegar orðin þekkt leikkona áður en hún byjaði að leika í amerískum bíómyndum. Árið 2006 hlaut hún Golden Globe-verðlaunin sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir hlutverk sitt í Grey's Anatomy en í því hlutverki má einmitt sjá hana á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLMUNDUR HÓLM VILL EKKI SJÁ ÍSLENSKT SJÓNVARP Á SUMRIN

Það eru allir hvort sem er að horfa á fótbolta

Sjónvarpsþættir sem settir hafa verið á dagskrá yfir sumartímann eru yfirleitt frekar misheppnaðir. Eiga að endurspegla sumarstemningu og voða stuð, en eru nær undantekningarlaust bara leiðinlegir. Aðstæðurnar yfir sumartímann eru erfiðar þegar kemur að því að bjóða upp á sjónvarpsefni. Enginn nennir að hanga inni og það sem meira er: Boltinn er farinn að rúlla.

Þrátt fyrir að íslensk knattspyrna sé frekar léleg í samanburði við það sem gengur og gerist í stærstu deildum Evrópu er maður miklu spennari fyrir Landsbankadeildinni en öðrum deildum. Auðvitað hefur það eitthvað með það að gera að maður hefur rammar og sterkar taugar til þess liðs sem maður heldur með og er í nánari tengslum við það. Þess vegna er fótbolti það eina sem ég nenni að horfa á yfir sumartímann. Það geri ég frekar með því að mæta á völinn en horfa á leikinn í sjónvarpi.

Það sem geri íslenskri dagskrárgerð enn erfiðara fyrir í sumar til dæmis er EM í fótbolta. Ég mun horfa á það í sumar, en sénsinn að ég myndi nenna að stilla inn á Hjartslátt á reiðhjól, eða hvað sem þessir þættir hafa heitið.



FÓTBOLTI Það eina sem maður nennir að horfa á.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

EKKI MISSA AF



► **19.55 Friends** STÖÐ 2



► **20.00 Heart Huckabees** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.10 Fæðingarheimilið (Private Practice)** SJÓNVARPIÐ



► **20.30 Special Unit 2** STÖÐ 2 EXTRA



► **21.00 America's Next Top Model Exposed** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leidarljós**
- 17.20 Táknmálsfréttir**
- 17.30 Kappflugíð í himingimnum**
- 17.55 Alda og Bára (20:26)**
- 18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans
- 18.54 Víkingalottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- **20.10 Fæðingarheimilið (Private Practice)** (7:9) Bandarísk þáttaröð. Addison Montgomery lækni heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu. Einkalíf þeirra er í molum en þeim gengur betur í starfi og Addison bræðir það með sér að flytjast frá Seattle til Santa Monica og fara að vinna með þeim.
- 20.55 Hróturinn Hreinn** (Shaun the Sheep) (21:40) Hreyfimyndaflökkur fyrir alla fjölskylduna.
- 21.10 Tvö á tali** (4:4) (Talk to Me) Bresk þáttaröð um útvarpsmanninn Mitch Moore sem veður í kvenfólki en er yfir sig hrifinn af kærustu besta vinar síns.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.25 Saga roksins** (Seven Ages of Rock) (2:7) Bresk heimildarþáttaröð um sögu roktónlistar frá því um 1960 og til nútímans. Í þessum þætti er sagt frá innreið listrænnar tjáningar í rokkið og við sögu koma Velvet Underground, Genesis, Pink Floyd, David Bowie og Roxy Music.
- 23.15 Kastljós** (e)
- 23.45 Dagskrárlök**

BÍÓ

- 06.05 Heart Huckabees**
- 08.00 Pelle Politibil**
- 10.00 The Perez Family** (e)
- 12.00 In Good Company**
- 14.00 Pelle Politibil**
- 16.00 The Perez Family** (e)
- 18.00 In Good Company**
- **20.00 Heart Huckabees** Gamannmynd um ungan mann í tilvistarkreppu. Hann ræður til sín einkaspæjara sem sérhæfir sig í að hjálpa fólki að leita að sjálfu sínu.
- 22.00 The Woodsman**
- 00.00 Lucky Number Slevin**
- 02.00 Jarhead**
- 04.00 The Woodsman**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Litlu Tommi og Jenni, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.
- 08.15 Oprah**
- 08.55 Í finu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 La Fea Más Bella**
- 10.15 Homefront**
- 11.15 Wife Swap** (1:10)
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.45 Neighbours**
- 13.10 Sisters** (17:24)
- 14.00 Grey's Anatomy** (20:36)
- 14.45 Friends**
- 15.10 Friends**
- 15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
- 16.18 BeyBlade**
- 16.43 Könnuðurinn Dóra**
- 17.08 Tracey McBean**
- 17.18 Ruff's Patch**
- 17.28 Bold and the Beautiful**
- 17.53 Neighbours**
- 18.18 Markaðurinn og veður**
- 18.30 Fréttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.30 The Simpsons** (14:22)
- **19.55 Friends** (4:23) Phoebe er hrædd um að missa nýjasta kærastann sinn og ótti hennar eykst eftir athugasemdir Ross. Chandler er kominn til Tulsa út af vinnunni og Monica ákveður að koma honum úvart á hótelinu. Joey hundfúll yfir því að sú sem hann á stefnumót við mundi ekki eftir að hafa sofið hjá honum áður.
- 20.20 Grey's Anatomy** (15:16) Fjórða sería þessa vinsæla dramapáttar.
- 21.05 Icon** (1:2) Spennumynd í tveimur hlutum byggð á metsölbók eftir spennusagnakónginn Frederick Forsyth.
- 22.35 Oprah**
- 23.20 Grey's Anatomy** (21:36)
- 00.05 Rome** (7:10)
- 01.00 Rome** (8:10)
- 01.55 Moonlight** (2:16)
- 02.40 Icon** (1:2)
- 04.10 Grey's Anatomy** (15:16)
- 04.55 Friends** (4:23) (e)
- 05.15 The Simpsons** (14:22)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag**
- 06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI**

SPORT

besta sætið

- 18.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttapáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bakvið tjöldin.
- 18.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótardöðinni í golfi.
- 19.25 Ensku bikarmörkin** Veturinn gerður upp í ensku bikarkeppninni í þessum magnaða þætti.
- 20.25 Kaupþings mótardöðin 2008** Sýnt frá fyrsta móti sumarsins á Kaupþingsmótardöðinni.
- 21.30 Landsbankamörkin 2008** Allir leikir, öll mörkin og bestu tilþriffin skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.
- 22.30 Meistaradeildin - Gulleikur** Barcelona - Man. Útd. 2.11. 1994. Barcelona og Manchester United hafa háð nokkra hildi á knattspymuvellinum í gegnum árin. Man. Útd. sigraði Barcelona í úrslitaleik Evrópukeppni bikarhafa 1991. Liðin drögust síðan saman í Evrópukeppni meistaraliða þremur árum síðar. Eftir 2-2 jafntefli á Englandi stöð Barcelona vel að vígi og leikmenn United fengu heldur betur að kenna á því.
- 00.10 No Limit Hold 'Em** Heimsmótardöð í póker.

SPORT 2

enski boltinn

- 18.05 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atviki í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni.
- 18.35 Football Icon** Enskur raunveruleikapáttur þar sem ungir knattspymenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistarara Chelsea.
- 19.25 Bestu bikarmörkin** Glæsilegustu mörkin og eftirminnlegustu tilþriffin úr ensku bikarkeppninni.
- 20.20 10 Bestu - Guðni Bergsson** Annar þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en í þessum þætti verður fjallað um Guðna Bergsson og ferill hans skoðaður.
- 21.10 Oliver Kahn** Heimildarþáttur um einn besta markvörð heims, Oliver Kahn. Ferill hans er skoðaður og hægt verður að kynna Kahn á annan hátt en fólk á að venjast.
- 22.40 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjómur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mølby og Peter Beardsley.

SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray** (e)
- 08.00 Dr. Phil** (e)
- 08.45 Dynasty** (e)
- 09.30 Vörutorg**
- 10.30 Óstöðvandi tónlist**
- 14.15 Vörutorg**
- 15.15 Snocross** (e)
- 15.40 World Cup of Pool 2007** (e)
- 16.30 Girlfriends**
- 17.00 Rachael Ray**
- 17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
- 18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki en hann er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar.
- 19.20 Jay Leno** (e)
- 20.10 Top Chef** (4:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu.
- **21.00 America's Next Top Model Exposed** (2:2) Seinni þáttur af tveimur þar sem sýnd eru brot af því besta í America's Next Top Model frá upphafi. Sýnd eru minnstæð atvik og fyndnar uppgöngu úr þáttunum og rætt við stelpur sem tekið hafa þátt undanfarið ár.
- 21.50 How to Look Good Naked** (3:8) Carson Kressley úr Queen Eye hjálpar konum með lítið sjálfalít að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar.
- 22.20 Secret Diary of a Call Girl** (3:8) Bresk þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Vínir og vandamenn halda að Hannah sé í virðulega starfi en kunnarnir þekkja hana sem Belle de Jour.
- 22.50 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.40 Boston Legal** (e)
- 00.30 Jekyll** (e)
- 01.20 C.S.I.**
- 02.00 Girlfriends** (e)
- 02.25 Vörutorg**
- 03.25 Óstöðvandi tónlist**

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SUMMAR TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI SUMARTILBOÐUM



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



9600GT
512MB GeForce
512MB 2.0GHz OC GDDR3 skjákort, 720MHz kjarni og hljóðlaus hitapípu tækni

14.900

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL.21.05

Icon – framhaldsmynd mánaðarins – fyrri hluti

Spennumynd í tveimur hlutum byggð á metsölubók eftir spennusagnakónginn Frederick Forsyth. Patrick Swazye leikur fyrrverandi njósnara bandarískra yfirvalda, sem var búsettur á árum áður í Rússlandi þar sem hann átti konu og börn. Nú mörgum árum síðar neyðist hann að snúa aftur til þess að koma upp um gamlan erkióvin sinn, rússneskan glæpamann, leikinn af Patrick Bergin, sem nú er kominn í forsetaframboð.



VIÐ MÆLUM MED

Top Chef

SKJÁR EINN KL. 20.10

Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Kokkarnir sem eftir eru þurfa að sanna fjölhæfni sína og getu til að hugsa hratt. Fyrri þrautin felst í því að gera gömsætan rétt úr hráefni sem fæst á bensinstöð og í seinni keppninni þurfa kokkarnir að búa til lúxusmat sem heldur eiginleikum sínum þegar hann er hitaður aftur í örbylgjuofni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.15 Viltu syngja minn söng?
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vilt og breitt
- 14.03 Bravó, bravó!
- 15.03 Útvarpssagan: Sérherbergi
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Flækingur
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Mokka - Kaffi og með því í 50 ár
- 20.00 Listahátíð í Reykjavík 2008
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Svartfugl
- 22.45 Svörtu sönggyðjurnar
- 23.30 Einar Benediktsson, skáld og athafnamaður
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Seinfeld (9:22)
- 17.30 Special Unit 2 (1:19)
- 18.15 Twenty Four 3 (2:24)
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Seinfeld (9:22)

► 20.30 Special Unit 2 (1:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málín sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfírnáttúrulegum toga.

21.15 Twenty Four 3 (2:24) (e) Jack kemst að sambandi Kim og Chase en nú liggur á að afla upplýsinga um eiturlyfja-sambönd Gross. Wayne kemst að leyndarmáli sem Anne hefur að geyma. Stranglegra bönnuð börnum.

22.00 Hell's Kitchen (11:11) Efnilegir áhugamenn um matreiðslu keppa einstaklega harða keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka um hylli, gríð og vægð hins skelfilega Ramsay.

22.45 Shark (13:22) Önnur þáttaröð. Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir sak-sóknaraembættið en oftast en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

23.30 Traveler (1:8)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skifan TV

INN

20.00 Mér finnst... Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Gestir: Elísabet Jökulsd., Elly Ármanns, Katrín Júlíusd. og Steinunn Valdís Óskarsd.

21.00 Birkir Jón Umsjón: Birkir Jón Jónsson. Er líf eftir pólitík? Gestur: Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis.

21.30 Hvað ertu að hugsa? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Árni Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1


10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Kontant 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.30 Roser på afveje 11.50 Forandring på vej 12.20 Tækkekompaniet 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 En lille reminder: Nye II 14.05 Last Exile 14.30 Bernard 14.35 Lucky Luke 15.00 AMIGO 15.30 Der var engang... 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ud i det blå 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Agenten der sladrede 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.40 Onsdags Lotto 21.45 OBS 21.50 Seinfeld 22.10 Møde med illustratør Ilon Wikland

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Den lunefulle naturen 10.40 Schrödingers katt 11.35 4*4*2: Bakrommet 12.05 Presidenten 12.45 Sunt vett 13.35 Bedre enn sitt rykte 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Danske Vidundere 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.15 Dyrestien 64 16.25 Todds verden 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 17.55 Veterinær på safari 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Vikinglotto 19.40 Kriseteamet 20.30 Abrahams barn 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lydverket 21.45 Stormen 23.15 Kulturmytt 23.25 Du skal høre mye jukeboks

SVT 1

10.05 Mitt i naturen 12.25 Lyckovägen 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Flyttlasset går 15.30 Krokodill 16.00 Bollbompa 16.10 Vad är det vi ser? 16.20 Lilla röda traktorn 16.30 Sagoberättaren 17.00 Bobster 17.15 Planet Sketch 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Guds vänner i USA 20.00 Big Love 20.55 Rapport 21.05 Kulturmyheterna 21.20 Sthlm 22.05 Ers Kungliga Höghet Westling 23.05 Sändningar från SVT24




EM VEISLAN

HEFST Á LAUGARDAGINN!



4 RIÐLAR, 16 LIÐ, HRIKALEG SPENNA

VÖNDUÐ UMFJÖLLUN, FYRIR OG EFTIR LEIK.





JÚNÍ ER TÍMINN!

GAMLA MYNDIN



„Mér finnst mjög trúlegt að þetta sé mynd frá því að ég gerði hvort tveggja, var í blaðamennsku og fótbolta. Mörgum finnst kannski ótrúlegt að fótboltamenn geti skrifað, en svona er nú heimurinn samt skýrtinn.“

Þorsteinn J. Vilhjálmsson dagskrárgerðarmaður.

Myndin var tekin árið 1984.

Variety hrifið af vöðvastælttri Ragnhildi

„Dú segir mér fréttir. Ég var búin að hafa eitthvað veður af þessu en þetta er náttúrulega bara alveg frábært,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir. Kvikmyndabíllan Variety hrósar íslensku ævintýramyndinni Astrópiu í hástert á vefsíðu sinni og tekur fram að Kastljós-stjórnandinn Ragnhildur eigi stjórnuleik í hlutverki Hildar. „Muscular beauty“, eða „vöðvastælt fegurðardís“, skrifar gagnrýnandinn Alissa Simon um Ragnhildi og fer ekkert síður fögrum orðum um Höllu Vilhjálmssdóttur í hlutverki Betu. Telur hana kynþokkafulla sem leikjanjörð og stríðsmann inni í leiknum. „Þetta er mjög heppilegt því ég er að fara til Los Angeles bráðum og get því



VARIETY HRIFIÐ Astrópiu fær prýðilega dóma hjá Variety og því spáð að DVD-útgáfan verði hugsanlega alþjóðlegt cult-fyrirbæri.

bara gengið um götur borgarinnar með dóminn framán á,“ bætir Ragnhildur við og skellihlær. „Nei, nei, það er bara gaman að fá svona hrós og mér skilst að þetta sé mjög gott að fá dóm hjá þessu blaði,“ heldur sjónvarpskonan áfram og útilokar ekki að hún gæti tekið að sér hlutverk í kvikmynd ef rétta tilboðið berst. „Annars er ég alveg rosalega heilluð af sjónvarpsforminu og uni mér bara vel við það.“

Dómar í Variety eru ekki mikið fyrir að hossa leikurum neitt sérstaklega enda fer stærsti hluti dómsins í að fjalla um myndina og útlit hennar. Simon segir þannig útlit myndarinnar vera liflegt og litríkt og hrósar sérstak-

lega tæknibrelluliðinu. Hún telur Astrópiu kannski ekki eiga erindi á hvíta tjald-ið fyrir utan Norðurlönd en bendir á að ef vel er haldið utan um útgáfu DVD-disksins geti hún vel orðið alþjóðlegt cult-fyrirbæri.

- fgg

HRÓSAÐ Ragnhildur Steinunn og Halla Vilhjálmssdóttir eru nefndar sérstaklega í dómi Variety.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. afl, 6. tveir eins, 8. tíma-bils, 9. mjög, 11. tveir eins, 12. myndarskapur, 14. þreparöð, 16. ólæti, 17. almætti, 18. gums, 20. í röð, 21. einsöngur.

LÓÐRÉTT 1. hærra, 3. slá, 4. umhverfis, 5. flýtir, 7. nærri allar, 10. farfa, 13. arr, 15. dugnaður, 16. næra, 19. grískur bókstafur.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1. OFAR, 3. RÁ, 4. KRING-UM, 5. ASI, 7. FLESTAR, 10. LIT, 13. SIG, 15. IÐNI, 16. ALA, 19. PI, 18. IAP, 20. MN, 21. ARFA.

LÁRÉTT: 2. orka, 6. ff, 8. árs, 9. all, 11. í, 12. reisin, 14. stígl, 16. at, 17. guð, 18. lap, 20. mn, 21. arfa.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Átta.
2. Arnór Atlason.
3. Ólafur Stephensen.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

GUNNAR ÞÓRÐARSON: SÍÐASTA „GIGG“ HLJÓMA VAR Í LIVERPOOL

Helga Vala slær í gegn með Hljómum á Cavern

„Í nótt geng ég til náða með rokkstjörnu. Það er ekkert öðruvísi,“ segir Grímur Atlason, fyrrverandi bæjarstjóri Bolungarvíkur.

Grímur var í skýjunum á laugardagskvöldinu síðasta og ekki einn um það. Hann, ásamt fleiri Íslendingum, varð vitni að mögnuðu síðasta „giggi“ Hljóma í sjálfum Cavern-klúbbnum í Liverpool. Það sem meira var – kona hans, Helga Vala Helgadóttir blaðamaður – var kölluð óvænt á sviðið til að syngja línurnar sem Shady Owens söng áður fyrr í laginu „Ég elska alla“ – og stóð sig með miklum ágætum. „Þetta er spurning um að byrja og hætta á toppnum sem söngkona,“ segir Helga Vala. „Toppurinn! Hljómar eru hættir og ég líka.“



GUNNI ÞÓRÐAR, RÚNI JÚLL OG HELGA VALA Það varð allt brjálað og mikill hiti í Cavern-klúbbnum að kvöldi laugardags þegar Hljómar tóku sitt síðasta lag. Helga Vala söng „Ég elska alla“ með tilþrifum.

MYND/ÓLAFUR PÁLL



HLJÓMAR Í CAVERN 1964

Lagalisti Hljóma í Cavern 2008

Shaking All Over - **Eddie Cochran**
 Summertime Blues - **Eddie Cochran**
 It's All Over Now - **Rolling Stones**
 I Don't Care - **Hljómar**
 Fyrsti kossinn - **Hljómar**
 Twist and Shout - **Bitlarnir**
 Ég elska alla - **Hljómar**
 I'm Down - **Bitlarnir**
 Bláu augun þín - **Hljómar**
 I Saw Her Standing There - **Bitlarnir**

Pilgrímsför 100 Íslendinga til Liverpool á vegum FTT til að sjá Hljóma í Cavern-klúbbnum og Paul McCartney á Anfield-leikvanginum tókst vel. Fréttablaðið var á staðnum og mun gera betur grein fyrir þessari miklu för síðar.

Meðlimir Hljóma voru ánægðir með hvernig til tókst og að sögn Gunnars Þórðarsonar fer vel á því að ferli Hljóma ljúki með þessu hætti. „Þetta var síðasta „gigg“ Hljóma,“ sagði hann við blaðamann Fréttablaðsins sem ræddi við hann á Hard Days Night Hotel í Liverpool á hádegi næsta dags. Það var einmitt eftir sögufrægt „gigg“ Hljóma á Cavern hausti 1964 sem frægðarsól hinna íslensku bítra frá Keflavík tók að rísa til muna. Og til marks um hversu hjörtu hinna íslensku bítra og þeirra bresku slá í takt er að loklag Hljóma á Cavern árið 2008, var rokklagið „I Saw Her Standing There“ sem upplappslag líkt og hjá McCartney á Anfield næsta kvöld.

„Þetta var svakalega gott. Og persónulegur sigur fyrir Gunnar Þórðarson,“ segir Óttar Felix Hauksson, umboðsmaður Hljóma, sem telur að þarna hafi verið settur víðeigandi lokapunktur við feril þeirrar hljómsveitar. Óttar, sem staddur var á æfingum fyrir ferðina, segir það hafa komið sér á óvart hversu vel tónleikarnir tókust og þakkar það ekki síst Gunnari. „Hann sýndi og sannaði, ef einhver skyldi velkjast í vafa, að hann er fremsti rokkarinn sem Ísland hefur alið – sem spilar, söngvari og rythma-bolti. Hann keyrði þetta áfram og lyfti þeim öllum upp – allir voru að spila yfir getu.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Í nægu verður að snúast hjá íslensku leikkonunni **Anita Briem** á næstu dögum. Hún heimsfrumsýnir Journey to the Center of Earth hinn 29. júní við hátíðlega athöfn í Mann Village Theater í Los Angeles á sérstökum fjölskyldudegi fyrirtækisins. Töluvert verður um að vera í tengslum við frumsýninguna og margar af barnahetjum Disney-fyrirtækisins heiðra gesti með nærveru sinni. Anita mun síðan halda til móts

við Idol-stjörnu Katherine McPhee en töluvert hefur verið gert úr hlutverki hennar í kvikmyndinni The Storyteller á netinu að undanförunni. Anita mun leika eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni en McPhee varð í öðru sæti í Idol-leit Ameríku og hefur notið töluverða vinsælda síðan að þátttöku hennar þar lauk.

Ein mest lesna fréttin á íslenskum vefsíðum í gær snerist raunar um mynd af bandaríska stórleikaranum **Jake Gyllenhaal** í 66 gráður norður úlpu sem birtist á forsíðu US Weekly. Þetta þótti mönnum til marks um hversu vel vörumerkið væri markaðsett. Hins vegar þurfa menn kannski ekki að leita langt yfir skammt því Gyllenhaal er nýbúinn að ljúka við leik í kvikmyndinni Brothers sem er framleidd af **Sigurjóni Sighvatssyni**. Sem á einmitt 66 gráður norður.

- fgg



Yrsa og Carter á bókamessu

„Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu flott þetta festival var fyrr en ég var komin á staðinn,“ segir Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur sem er nýlega komin heim frá bókmenntahátíð sem árlega fer fram í velska smábænum Hay-on-Wye og dregur að sér um 80.000 bókmenntaáhugamenn. Meðal þeirra sem komu fram á hátíðinni í ár, auk Yrsu, voru Jimmy Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, rithöfundarnir Salman Rushdie, Ian McEwan, John Irving og Martin Amis, matgæðingurinn Jamie Oliver ... „Já, og ekki gleyma Top Gear-gæjanum,“ segir Yrsa.

Jeremy Clarkson?
 „Já, honum. Bresku útgefendurnir voru ótrúlega ánægðir með að ég skyldi komast þarna að og ég eignlega áttaði mig ekki á því hvað þeir voru að tala um fyrr en ég fór að skoða dagskrána í lestinni. Þetta stendur yfir í ellefu daga og ég hefði mætt fyrr ef ég



YRSA SIGURÐARÐÓTTIR Kom fram á einhverri virtustu bókmenntahátíð veraldar og hitti Ian McEwan.

hefði vitað þetta. En ég var aðeins eina nótt. Sem voru mikil mistök af minni hálfu,“ segir Yrsa.

Yrsa sat fyrir svörum og talaði um glæpasöguna vítt og breytt í tilefni þess að hún var að koma út í Bretlandi. Hún sá Ian McEwan sem var á dagskrá samtímis henni.

„Þetta var mjög vel lukkað hjá þeim. Og margt fyndið. Við fórum til dæmis að borða á litlum

veitingastað þarna. Og var okkur tjáð að Jimmy Carter hefði verið þar og snætt fyrir tveimur kvöldum. Þá hafði einhver „local“ karl, drukinn, verið að reyna að ná í jakkann sinn á þessum pinulitla stað. Þá svifu lífverðir Carters á hann, keyrðu hann niður og járnðu. Síðan er hann kallaður Tom the Assassin í Hay-on-Wye,“ segir Yrsa og að það þyki þeim fyndið þarna í Wales.

- jfb

TAKTU ÞÁTT!



GOTT FÓLK

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008

SJÓVÁ



Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi - til afgreiðslu af lager!

Eitt hagstæðasta verð
á markaðnum




E000479

Öryggisglær skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

STURTUSKJÓL

70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm



HURÐIR OG VEGGIR

GLERVEGGUR með hurð

60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125,
130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

GLERENDAVEGGIR

70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm



BAÐKARSHLÍFAR

76x130, 89x140, 120x150, 60x150 og 85x150 sm

STURTUKLEFAR

331-A	311-A	321-A	611-A	622-A	625-A
90x90	80x80 90x90	90x90	80x80 90x90	80x80 90x90	80x80 90x90



STURTUHORN

KANNTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm



Rúnað



Kanntað

kynntu þér úrvalið á

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Bangsabanar


Lögreglan hefur legið undir L nokkru á mæli að undanfögnu. Fólk hefur ítrekað tuðað undan harðræði nokkurra lögregluþjóna. Lögreglan hefur svo ávallt brugðist við slíkum fregnum með því að ræða um aukið álag innan lögreglunnar, glæponar séu harðsvíraðri, hingað streymi stórhættulegir erlendir glæpahópar og ég veit ekki hvað og hvað. Við þessari þróun verði að bregðast með rafbyssum og valdbeitingarhundum. Ekki dettur mér í hug að vefengja orð lögreglumanna.

VÖRUBÍLSTJÓRAMÓTMÆLIN verðskulduðu til að mynda án efa þær aðgerðir sem lögreglumenn gripu til að mínum dómi. Lögga sem óskraði gas gas þótti mér standa sig með mikilli þrýði; augljóst að drengurinn sá hefur verið til fyrirmyndar í lögregluskólanum og kom mér því ekki á óvart að sjá að þessi sami ungi maður hefur verið heiðraður fyrir frækilegt björgunarafræk.

10-11 niðursveiflan veldur mér ögn meiri vandkvæðum. Líklega hafa viðbrögð lögreglumannsins ekki verið þau allra ákjósanlegustu og því vil ég síður verja þau. Hins vegar lýsi ég yfir skilningi með öllum þeim sem hafa misst stjórn á sér gagnvart unglíngum á bílprófsaldri sem geta ekki komið í verslun án þess að lögregla sé kölluð til.

TILVERU Ríkislögreglustjóraembættisins hef ég svo varið með því að vísa til þess að alþjóðlegir glæpahringir virðast vera að bíta sig í íslenska þjóðarsál samkvæmt embættismönnum sem þar starfa. Ekki efast ég um mikilvægi þess að sporna við þeirri þróun þótt mér finnst ég heyra fremur lítið af afköstum þessa rísaembættis. Þótt Ríkislögreglustjóri hafi heilt almannatengslafyrirtæki á sínum snærum - Kynningu og markað - er ljóst að lögregluna sárvantar almennilegan ímyndarsérfræðing. Mann sem hringir í fjölmörgu í hvert sinn sem laglegur lögregluþjónn leiðbeinir barni í umferð, bjargar kisu úr voða eða vinnur aðrar dáðir.


Í GÆR varð mér ljóst að það er við ramman reip að draga. Sjálf hef ég keypt sparperur, hjólað í vinnuna og flokkað rusl til að bjarga ísbjörnum frá drukknun í hlýnandi heimi. Loksins þegar einu aumingjans bjarnýri tekst að svamla á land mætir lögreglan á svæðið og lætur skjóta það! Almennilegur ímyndarsérfræðingur hefði vitaskuld bent þeim á að nota kolefnisjafnaða rafbyssu. En hey, ísbjörninn drukknaði að minnsta kosti ekki.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagur 4. júní,
157. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.15	13.26	23.39
Akureyri	2.21	13.11	0.04

Heimild: Almanak Háskólans



www.toyota.is

SUMARSÝNING TOYOTA

Toyota – sumarið sýnir sig um helgina

Sumarið sýnir sig hjá Toyota og því verður sérstaklega bjart yfir bílunum á Sumarsýningu Toyota á Nýbýlavegi um helgina. Sumarsýning á Akureyri og Egilsstöðum á laugardaginn.

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu spennandi sumarsmellum. Það verður **grill** og **gaman** á Sumarsýningunni.

Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair til Evrópu fylgir hverjum seldum bíl.

Opið laugardag kl. 12.00 – 16.00
sunnudag kl. 13.00 – 16.00



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 2 - 8 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	---

